


**skoðun 12**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
6. júlí 2011
155. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011





## Á leið til Noregs

*Við vorum bæði atvinnulaus og orðin vonlaus um að finna vel launaða vinnu hér.*

**fólk 26**

## Óskiljanleg endaleysa

*Lýður Guðmundsson segir fráleitt að Exista hafi reynt að hagnast á því að fella krónuna.*

**umræðan 13**



## Góður dagur á EM

*Ólafur Björn Loftsson lék frábært golf í Portúgal.*

**sport 22**

## veðrið í dag




**VÍÐA BJART** Víðast fremur hæg norðaustanátt. Nokkuð bjart á landinu en hætt við þokulofti við N- og A-ströndina. Hiti yfirleitt á bilinu 10-20 stig.

**VEÐUR 4**

# Lögreglan tók nítíu byssur af skotglöðum byssusafnara

**Forstöðumaður Veiðisafnsins á Stokkseyri var sviptur byssuleyfi eftir að hafa skotið ölvaður út í loftið með skammbyssum. Lögregla gerði safnkostinn upptækan en dómari hafnaði gæsluvarðhaldi yfir manninum.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi lagði hald á um nítíu byssur og gríðarlegt magn skotfæra á heimili Páls Reynissonar, forstöðumanns og eiganda Veiðisafnsins á Stokkseyri, eftir að tilkynnt var um skothvelli frá húsinu aðfaranótt sunnudags. Maðurinn hélt á tveimur skammbyssum og stóð fyrir skothríð þegar lögreglu bar að garði.

Forstöðumaðurinn var látinn laus í gær eftir að Héraðsdómur Suðurlands hafði hafnað kröfu lögreglustjórans á Selfossi um gæsluvarðhaldsúrskurð.

Forstöðumaðurinn reyndist ölvaður við handtöku. Hann hafði þá í hótunum við lögreglumenn en beindi ekki skotvopnunum sem hann var með að þeim. Hann var handtekinn vopnlaus utandyra. Sérsveit ríkislögreglustjóra hafði þá verið kölluð til en var ekki komin á staðinn.

Lögreglan á Selfossi bað sérsveitina um aðstoð við að haldleggja og skrá skotvopnasafnið, en Veiðisafnið er í sama húsi og heimili mannsins. Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kom einnig á staðinn til að rannsaka hvað gengið hefði á. Loks fékk lögreglan á Selfossi aðstoð frá Landhelgisgæslunni, sem tók skotvopnasafnið til geymslu.

Maðurinn reyndist vera með skotvopnaleyfi fyrir fjölda-mörgum byssum. Hann var þegar sviptur leyfunum til bráðabirgða.

Lögreglustjórinn á Selfossi lagði fram kröfu um gæsluvarðhald yfir manninum og að hann sætti geðrannsókn. Héraðsdómur hafnaði kröfunni í gær og var maðurinn þá látinn laus.

Hann hefur kannast við að hafa hleypt af skotum við hús sitt.

Í dag setjast lögreglumenn á Selfossi á fund með lögfræðingum embættisins þar sem farið verður yfir málið og ákvörðun tekin um hvort úrskurður Héraðsdóms Suðurlands verður kærður til Hæstaréttar, að sögn Elísar Kjartanssonar lögreglufulltrúa á Selfossi. **- jss**

### Fræg skytta

Páll Reynisson er ein þekktasta skytta og byssusafnari landsins. Hann hefur fellt fjölda villtra dýra, meðal annars afrískt ljón með skammbyssu.

Á Veiðisafninu eru tugir skotvopna í eigu Páls til sýnis að jafnaði, meðal annars vélbyssur, skammbyssur, herrifflar og haglabyssur, og þar er haldin árleg byssusýning.

Þar gefur einnig að líta uppstoppaðar bráðir hans hvaðanæva að úr heiminum, svo sem ljón, sauðnaut, apa, sebrahest, gíraffa, bjarndýr og antílópur.



**SANDFANGARI RÍS Í VÍKURFJÖRU** Verktakafélagið Glaumur annast framkvæmdina. Halldór Ingólfsson framkvæmdastjóri segir að þegar hafi safnast sandur við áttatíu metra af garðinum. Framkvæmdin kostar 120 milljónir. Verklok eru í lok september.
FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

Níutíu þúsund tonn af grjóti þarf í byggingu brimvarnargarðs í Víkurfjöru:

# Sandfangari byggir nýtt land

**ÖRYGGISMÁL** Bygging sandfangara, sem er 276 metra langur brimvarnargarður, við Vík í Mýrdal gengur að óskum. Garðurinn gengur hornrétt út frá fjörunni neðan við kauptúnið og hlutverk hans er að fanga sand og hamla þannig landbroti í Víkurfjöru. Þegar hefur verið lokið við 170 metra af garðinum.

Garðurinn er mikið mannvirki. Hann verður um sex metra hár og í hann fara níutíu þúsund tonn af grjóti sem er sótt um 25 kílómetra leið í námu á Eystri-Sólheimaheiði.

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri í Mýrdalshreppi, segir það mikið fagnaðarefni að verkefnið sé loksins komið í gang. „Þetta skiptir okkur gríðarlega miklu máli. Úthafið hefur brotið stöðugt á ströndinni sunnan við þorpið en við vonum að þetta hjálpi mikið til.“

Íbúar í Vík hafa lengi barist fyrir þessari framkvæmd. Óttast hefur verið að mikið sjávarflóð gangi á land þar sem landbrotið er mest. Það hefði í för með sér skemmdir á mannvirkjum í eigu sveitarfélagsins og húseignum einstaklinga. **- shá**

Skapa mætti fjölda starfa:

# Mikil tækifæri í ferðaþjónustu yfir veturinn

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fjölga má ferðamönnum sem heimsækja Ísland að vetri til og auka þannig arðsemi ferðaþjónustunnar, skapa fjölda starfa sem og gjaldeyristekjur.

Þetta er mat starfsfólks fyrirtækja og stofnana í ferðaþjónustu, en í Markaðnum í dag er fjallað um þá möguleika sem til staðar eru til að fjölga vetrarferðamönnum.

Helstu sóknarfærin liggja í því að fjölga sérhæfðum viðburðum á Íslandi, fá hingað fleiri fyrirtækja- og ráðstefnuhópa, halda áfram uppbyggingu heilsuferðaþjónustu og byggja upp margþættari afþreyingu í tengslum við náttúru Íslands.

Þá skiptir miklu að markaðssetning verði markvissari, ekki síst á óhefðbundnum markaðssvæðum. **- mþl / sjá Markaðinn**

Átta vikna heilsuáætlun


„Bókin Léttara og betra líf opnar nýja leið til heilsubótar, skref fyrir skref.“
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON, RITHÖFUNDUR
www.forlagid.is

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1



MS.IS
20% ÁVEXTIR

## SPURNING DAGSINS



*Kristinn, eruð þið þá brautryðjendur?*

„Já, og ætlum að ryðja hinum íþróttunum úr vegi.“

Kristinn Þór Sigurjónsson er varaformaður Rugby-félags Reykjavíkur en á sunnudag fór fyrsti opinberi ruðningsleikurinn fram á Íslandi.

Ákvörðun heildaraflamarks fyrir fiskveiðiárið 2011 til 2012:

# Fylgir ráðgjöf í þorskúthlutun

**SJÁVARÚTVEGUR** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, kynnti í gær ákvörðun um heildarafla á næsta fiskveiðiári. Ákvörðunin byggir á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og í samráði við hagsmunaaðila.

Að tillögu stofnunarinnar hefur ráðherra ákveðið að heildarafli þorsks verði 177 þúsund tonn eða um tíu prósent hærri, en er á yfirstandandi fiskveiðiári.

Heildarafli ýsu er ákveðinn 45 þúsund, sem er fimm þúsund tonna lækkun frá fyrra ári. Heildarafli ufsa verður 52 þúsund tonn, sem er lítilsháttar aukning frá aflaheimildum fyrra árs. Heildarafli djúpkarfa verður tólf þúsund tonn og 40 þúsund tonn í gullkarfa. Aflamark í grálúðu verður óbreytt, eða þrettán þúsund tonn.



**ÞORSKUR Á ÞURRU LANDI** Heildaraflamark næsta fiskveiðiárs liggur fyrir.

Heimildir í steinbít eru lækkaðar talsvert eða úr tólf þúsund tonnum í 10.500 tonn. Samhliða útgáfu aflamarks hefur ráðherra ákveðið að setja á fót starfshóp sem athugi notkun á flottrolli og áhrif þess á lífríki sjávar.

Hafrannsóknastofnunni verður falið að auka rannsóknir á mismunandi áhrifum veiðafæra með tilliti til lífríkis og orkunotkunar. Ennfremur verður því beint til stofunarinnar að kanna hrygningarstöðvar steinbíts og friðun þeirra. **- shá**

Óvenjulegar jarðhræringar:

# Almannavarnir bíða eftir Heklu

**NÁTTÚRA** Almannavörnum var á mánudag gert viðvart um hræringar í kringum eldfjallið Heklu sem jarðvísindamenn telja óvenjulegar. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gærkvöldi. Þó hafði ekki þótt ástæða til að grípa til aðgerða vegna ástandsins.

Hreyfingarnar hafa komið fram á fimm staðsetningarmælum sem settir hafa verið í kringum Heklu undanfarin misseri.

Rúm ellefu ár eru síðan Hekla gaus síðast. Gos þar gera alla jafna lítil boð á undan sér. **- sh**

Sigmundur vill nefndarfund:

# Össur standi fyrir máli sínu

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur óskað eftir fundi í utanríkismálanefnd Alþingis eins fljótt og auðið er.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Þar vill Sigmundur ræða yfirlýsingar Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra í þá veru að Íslendingar þurfi engar undanþágur frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins í komandi aðildarviðræðum.

Í yfirlýsingu frá Sigmundi segir að þau orð Össurar samræmist ekki áliti meirihluta nefndarinnar um samningsviðmið í sjávarútvegsmálum. Hann óskar sérstaklega eftir því að Össur mæti á fundinn. **- sh**

Hungursneyð í Afríku:

# Milljónir þjást og börnin deyja

**AFRÍKA Svo vannærð eru börn sem eru á flótta með foreldrum sínum frá þurrkasvæðum í Sómalíu að „mannlegur harmleikur af óþekktri stærðargráðu“ er yfirvofandi. Þetta segir Antonio Guterres, yfirmaður flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).**

**Ung börn deyja á leiðinni í flóttamannabúðir í Eþíópíu og Kenía. Talið er að fjórðungur Sómala hafi þurft að flýja heimili sín.**

**Ýmsar hjálpastofnanir hafa óskað eftir fjárhagsaðstoð til að hjálpa tólf milljónum manna sem svelta heilu hungri í Sómalíu, Eþíópíu, Kenía og Súdan.** **- shá**

# Borguðu klippingu næsta manns á eftir

**Rakarinn Torfi Geirmundsson er miður sín yfir vegna galla í kortaposa sem olli því að annar hver viðskiptavinur hans fékk frítt en hinir greiddu tvöfalt og sumir mun meira. Sést bara á greiðsluyfirliti. Hefur áhyggjur af fleiri gölluðum posum.**

**NEYTENDAMÁL** Posinn á hársnyrtistofu Torfa Geirmundssonar, rakara við Hlemm, hefur ítrekað tekið rangar upphæðir af kortum viðskiptavina stofunnar á síðustu dögum. Fyrri viðskiptavinur borgar fyrir þann sem á eftir kemur.

Torfi fékk ábendingu um villuna á laugardag, þegar viðskiptavinur hringdi inn og tjáði honum að tvær færslur hefðu verið teknar af kortinu hans. Fyrri upphæðin var sú sem hann greiddi en sú síðari var færsla þess viðskiptavinar sem á eftir kom. Rétt upphæð umrædds viðskiptavinar var 1.500 krónur en upphæð þess næsta var 8.700 krónur. Síðari færslan kom nokkrum mínútum á eftir þeirri fyrri. Viðskiptavinurinn sem átti að borga 8.700 krónur, greiddi ekki neitt.

„Þetta er allt í tómri vitleysu hérna hjá mér,“ segir Torfi, og vill benda þeim viðskiptavinum sínum sem hafa lent í þessu á að hafa samband við sig. „Ég er alveg miður mín og finnst þetta ofboðslega leiðinlegt.“

Torfi bendir á að hann hafi fyrst og fremst áhyggjur af því að gallinn liggi í fleiri posum en sínum. „Það er engin leið að gera sér grein fyrir þessu nema menn skoði kortayfirlitið sitt,“ segir hann.

Rétt upphæð prentast út úr posanum og kvitta viðskiptavinir undir þær. Þetta gerir það að verkum að annar hver viðskiptavinur fær ókeypis hársnyrtingu án þess að gera sér grein fyrir því að sá sem á undan kom borgi fyrir hann.



**MEÐ HENDUR FULLAR AF KVITTUNUM** Fjöldi viðskiptavina Torfa Geirmundssonar greiddi klippingu fyrir þann sem á eftir kom. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

> Ég er alveg miður mín og finnst þetta ofboðslega leiðinlegt.
>
> **TORFI GEIRMUNDSSON** RAKARI

Torfi hafði samband við Borgun, sem rekur greiðslufyrirkomulag stofunnar, á mánudag. Um klukkan tvö í gærdag komu starfsmenn frá Borgun og skiptu um posa.

Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, segir gallann ekki liggja í kerfi Borgunar, heldur í posanum sjálfum. Færslurnar verði leiðréttar og verið sé að skoða hvað hafi farið úrskeiðis.

„Það sem við sjáum í okkar kerfum er að gallinn liggur ekki þar,“ segir Haukur og segist ekki muna eftir því að þessi tiltekna bilun hafi áður komið upp.

„Yfirleitt eru bilanirnar þannig að þær sjást strax. En því miður er það stundum svo að þær uppgötvast af notendunum. En bilanir geta komið fyrir hjá öllum,“ segir Haukur. Kerfisfræðingar Borgunar eru að skoða hvort villan hafi átt sér stað víðar.

sunna@frettabladid.is



**Í HÖFN** Hugsanlegt að lítil fyrirtæki finni meira fyrir hækkun veiðigjalds. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hækkun veiðigjalds:

# Leggst þyngra á lítil fyrirtæki

**SJÁVARÚTVEGUR Greiningardeild Arion banka telur að hækkun veiðigjalds úr 9,5 prósentum í 13,3 prósent af reiknaðri framlegð útgerða á næsta fiskveiðiári muni að öllum líkindum leggjast þyngra á minni fyrirtæki. Þetta kemur fram í Markaðspunktum bankans.**

**Jafnframt er það niðurstaða greiningardeildarinnar að aukin gjaldtaka muni íþyngja meðalstórum og minni fyrirtækjum meira en stærri fyrirtækjum, sökum mismunandi skuldsetningar þeirra. Samkvæmt úttekt greiningardeildarinnar er skuldabyrði minni fyrirtækjanna hlutfallslega mun þyngri en þeirra stærri.** **- shá**

Hefja landamæraeftirlit:

# Leitað í bílum af handahófi

**DANMÖRK, AP** Danir hófu í gær landamæraeftirlit og sendu 50 nýja tollverði til starfa við landamæri Þýskalands og Svíþjóðar.

Þýsk stjórnvöld hafa gagnrýnt landamæraeftirlit Dana harðlega og segja það brjóta gegn Schengen-samkomulaginu.

Danska stjórnin segir hins vegar að nýja landamæraeftirlitið, sem þingið samþykkti í síðustu viku, sé nauðsynlegt til þess að verjast glæpamönnum, sem annars fari óhindrað yfir landamærin. Einnig séu þau nauðsynleg til að hindra straum ólöglegra innflytjenda. **- gb**


HÓPKAUP.IS Í DAG

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531

Tveir leikir í Laser Tag (2x15 mín.)

890 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 1.900 kr | Afsláttur 53% | Afsláttur í kr. 1.010 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið




Laser Tag er fyrir fólk á öllum aldri. Salurinn að Salavegi 2 í Kópavogi er einn stærsti Laser Tag salur í Evrópu.

www.lasertag.is

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is


Þrettán ára undrabarn málaði mynd handa frægasta fiðluleikara heims:

# Fær kennslustund hjá snillingi

**FÓLK** Þrettán ára fiðlunema, Ágústu Dómhildi Karlsdóttur, hlotnaðist í gær óvæntur heiður þegar einn allra virtasti fiðluleikari veraldar bauð henni ókeypis kennslustund.

Rússinn Maxim Vengerov leikur á tónleikum í Hörpu á föstudag. Hann hefur um árabil verið einn eftirsóttasti og hæst launaði einleikari veraldar og á aðdáendur um heim allan.

Tveir þeirra eru Ágústa og móðir hennar, Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti í Lágafellskirkju.

„Dóttir mín er búin að vera að læra á fiðlu í tvö ár og gengur alveg rosalega vel. Hún er dálítið „wunderkind“,“ útskýrir Arnhildur. „Svo fórum við að horfa á Maxim á Youtube og fórum að halda rosalega mikið upp á hann. Þegar ég sá að hann var að koma hringdi ég í Steinunni Birnu [Ragnarsdóttur, tónlistarstjóra Hörpu] og sagði: Jæja, nú er okkar maður að koma og við þurfum bara að hitta hann,“ segir hún.

Það gekk eftir og mæðgurnar hittu snillinginn í gær. „Hann var alveg til í það. Þetta er svo mikill indælis- og öndvegismaður,“ segir Arnhildur.

Í lok fundarins spurði Arnhildur hann í hálfkæringi hvort hann væri ekki til í að taka Ágústu í eina kennslustund og það stóð ekki á svari: tíminn verður á morgun klukkan fimm og Arnhildur á vart orð til að lýsa hrifningu sinni á Vengerov. „Hann er bara svo dásamlegur að gera þetta,“ segir hún.

Að skilnaði gáfu mæðgurnar honum það sem Arnhildur kallar „krúttulegan Íslandspakka“, sem í var geisladiskur sem Arnhildur gerði með Hjörleifi Valssyni fiðluleikara og söngkonunni Ingu Backman, Heimsljós eftir Halldór Laxness í enskri þýðingu og mynd sem Ágústa málaði fyrir hann. **- sh**



**ÆTLAR AÐ KENNA ÁGÚSTU** Ágústa, sem hefur áður lært á þverflautu, klarinett og píanó, hóf fiðlunám fyrir tveimur árum. Henni hefur gengið svo vel að Arnhildur grípur hana oft með að spila í messum og á tónleikum.

## GENGIÐ 05.07.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,19 | 114,73 |
| Sterlingspund | 183,92 | 184,82 |
| Evra | 165,26 | 166,18 |
| Dönsk króna | 22,153 | 22,283 |
| Norsk króna | 21,313 | 21,439 |
| Sænsk króna | 18,207 | 18,313 |
| Japanskt jen | 1,4068 | 1,4150 |
| SDR | 182,64 | 183,72 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,3497

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Unga litháíska móðirin að líkindum útskrifuð af spítala í dag:

# Undir stöðugu eftirliti lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Móðir kornabarns sem fannst látið í gámi í Reykjavík á laugardag er undir stöðugu eftirliti lögreglu þar sem hún liggur á Landspítalanum. Hún hefur enda verið úrskurðuð í tveggja vikna gæsluvarðhald og til að sæta geðrannsókn.

Gert er ráð fyrir að unga konan verði útskrifuð af spítalanum í dag eða í allra síðasta lagi á morgun. Hún mun þá verða færð til skýrslutöku hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Það var á laugardag sem komið var með konuna á bráðamóttöku Landspítala. Læknar töldu að hún hefði fætt barn á síðasta sólarhring. Lögreglan var kvödd til og fundu lögreglumenn lík fullburða sveinbarns í gámi við Hótel Frón á Laugavegi. Þar hafði konan starfað í um fjóra mánuði sem herbergisþerna og vissi samstarfsfólk hennar þar ekkert um að hún bæri barn undir belti.

Konan flutti hingað til lands í október síðastliðnum. Hún bjó hjá samlanda sínum og föður hans um skeið. Í þá hringdi hún þegar hún hafði alið barnið á herbergi á hótelinu. Hún vildi fara heim en þeir ákváðu að fara með hana á bráðamóttökuna. **- jss**



**LANDSPÍTALINN** Konan útskrifast líklega í dag fremur en á morgun.

147 látnir í Svíþjóð á árinu:

# Mun fleiri deyja í umferðinni

**SVÍÞJÓÐ** 147 manns létu lífið í umferðarslysum í Svíþjóð fyrstu sex mánuði ársins. Það eru tæplega þrjátíu prósentum fleiri en á sama tímabili í fyrra.

23 gangandi vegfarendur, 83 ökumenn eða farþegar í bílum og 21 á mótorhjólum létust á tímabilinu. Umferð hefur aukist um rúm tvö prósent á þjóðvegum landsins á þessu ári. Þá á eftir að draga frá sjálfsmorð, en þau voru þrjátíu talsins í umferðinni í fyrra. Að öðru leyti hafa yfirvöld ekki skýringar á muninum. **- þeb**

Kannabisræktandi fyrir dóm:

# Skilorð fyrir kannabisrækt

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kannabisræktun og fleiri brot.

Hann var tekinn með 46 kannabisplöntur sem hann ræktaði í leiguíbúð sinni í Reykjanesbæ. Þá var hann dæmdur fyrir fíkniefnaakstur.

Maðurinn á alllangan sakaferil að baki, þar á meðal dóma fyrir fíkniefnalagabrot og umferðarlagabrot. Héraðsdómur Reykjaness dæmdi manninn, auk skilorðsbundnu refsingarinnar, til sviptingar á ökurétti í tvö ár. **- jss**

Kynferðisbrot upplýst í líkræðu:

# Svona mál eiga ekki að fyrnast

**LÖGREGLUMÁL Séra Baldur Kristjánsson, sóknarprestur í Ölfusi, greindi frá kynferðisbrotum gegn konu sem lést nýverið. Baldur sagði frá brotunum í líkræðu konunnar.**



**SÉRA BALDUR KRISTJÁNSSON**

**„Hann kom þegar móðirin vann á næturvöktum. Það mál upplýstist aldrei og hún náði sér aldrei. Sjúklingur var hún upp frá því. Geðtruflun greinileg upp frá því segir mér bróðir hennar,“ sagði Baldur í líkræðunni.**

**Frá þessu greinir hann á vefsvæði sínu á Eyjunni. Hann tilkynnti málið til barnaverndaryfirvalda. „Svona mál eiga ekki og mega ekki fyrnast,“ segir Baldur á vefsíðu sinni, en ofbeldið átti sér stað þegar fórnarlambið var ung stúlka. Hún var fædd árið 1932. - sv**

# Sílastofninn virðist ekki ná sér á strik

**Fyrstu vísbendingar benda ekki til þess að sílastofninn sé að ná sér á strik. Mávurinn í Flatey farinn að hegða sér eins og í borginni vegna ætisskorts í sjó.**

**DÝRALÍF** Fyrstu vísbendingar úr rannsóknarleiðangri á Breiðafirði benda ekki til þess að sílastofninn sé að ná sér á strik. Þetta segir Valur Bogason líffræðingur og einn leiðangursmanna. Hríðminnkandi sílastofn kemur illa niður á varpi sjófugla við sunnan- og vestanvert landið, til dæmis er fuglalíf í Flatey með daufasta móti að sögn íbúa þar.

Öðru máli gegnir um ástandið við norðanvert landið, segir Erpur Snær Hansen líffræðingur enda er nóg um loðnu á þeim svæðum.

Magnús Jónsson, íbúi í Flatey, segir hríðversnandi afkomu sjófugla ekki fara framhjá heimamönnum.

„Það er alveg ótrúlegt að horfa upp á þetta, þetta er nánast alveg dautt hérna,“ segir hann. „Maður er farinn að reka upp stór augu þegar maður sér lunda hérna,“ bætir hann við.

Þessi sílaskortur hefur ekki eingöngu áhrif á fjölda fuglanna í Flatey heldur einnig hegðun þeirra. „Það er svo lítið æti fyrir mávinn að hafa í sjónum að hann er farinn að haga sér eins og við Tjörnina fyrir sunnan. Hann er farinn að sækja í matarbita uppi á landi, hann er til dæmis farinn að leita í hænsnafóðrið há mér,“ segir Magnús.

Hann segir enn fremur að kríuvarpið virðist hafa farið forgörðum að mestu þó eitthvað sé krían að taka við sér eftir að það hitnaði í veðri í síðustu viku. Þó sé það spurning hvort ungarnir verði orðnir nógu stálpaðir þegar kemur að því að hefja sig til flugs yfir hafið.

Erpur Snær segir að lægð í lundavarpi haldist oft í hendur við hlýnandi sjó. Til dæmis hafi verulega dregið úr lundafjöldanum í kringum 1930 en þá var sjávarhiti í hámarki. Valur segir að skýringin á fækkun síla kunni að vera sambland af umhverfisáhrifum, eins og hækkandi sjávarhita, og arðráni.

**jse@frettabladid.is**



**FUGLALÍF Í FLATEY** Magnús Jónsson segist reka upp stór augu þegar hann sér lunda.

> Það er alveg ótrúlegt að horfa upp á þetta, þetta er nánast alveg dautt hérna.
>
> **MAGNÚS JÓNSSON** ÍBÚI Í FLATEY



**KRÍA Á SVEIMI YFIR FLATEY** Þótt krían hafi oft verið til ama eru menn farnir að sakna þess að sjá ekki meira af henni í Flatey. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hverfur úr Hæstarétti:

# Páll til EFTA-dómstólsins

**STJÓRNSÝSLA Páll Hreinsson hæstaréttardómari hefur verið skipaður dómari við EFTA-dómstólinn að tilnefningu Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra. Hann tekur við 15. september af Þorgeiri Örlygssyni, sem tekur sæti í Hæstarétti.**

**Aðrir sem sóttu um voru Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor, Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, Ólafur Börkur Þorvaldsson hæstaréttardómari, Róbert Spanó prófessor og Skúli Magnússon, dómritari EFTA-dómstólsins.**

**EFTA-dómstóllinn leysir úr ágreiningsmálum um framkvæmd EES-samningsins. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum skipa sameiginlega í stöðuna. - sh**

Greiði 200 þúsund í bætur:

# Réðst á mann og beit dyravörð

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur maður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að slá og sparka í mann og bíta dyravörð á skemmtistaðnum Manhattan þegar sá síðarnefndi reyndi að stöðva hann. Maðurinn hefur áður hlotið dóm. Hann játaði sök fyrir dómi. Maðurinn var auk fangavistar dæmdur til að greiða fórnarlambinu 200 þúsund krónur. **-jss**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Nauðgari ófundinn

Lögreglan á Akureyri vinnur að rannsókn á nauðgun sem átti sér stað á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði um síðustu helgi. Gerandinn er enn ófundinn. Ung kona tilkynnti um nauðgunina undir morgun á sunnudag.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SUMARVEÐUR** Það er von á sumarblíðu á landinu næstu daga. Nokkuð sólríkt og áfram milt í veðri. Þurrt að mestu en hætt við síðdegisskúrum, einkum vestan til á landinu. Kólnar lítillega á föstudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 33° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 19° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 25° |
| París | 21° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Costa del Sol
frá kr. 49.900*

*) Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

19. júlí í 11 nætur

frá kr. 99.900
– með hálfu fæði

Beint morgunflug
með Icelandair

# Costa del Sol

## 11 nátta ferð - ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 11 nátta ferð til Costa del Sol 19. júlí. Í boði eru frábær sértilboð. Gríptu þetta einstæða tækifæri og skelltu þér í frábæra ferð til Costa del Sol og njóttu lífsins á hreint ótrúlegum kjörum. Athugið að verð getur breyst án fyrirvara.





### Hotel Balmoral **+

Kr. 99.900
11 nætur með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með hálfu fæði í 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði kr. 129.900. Aukagjald fyrir fullt fæði kr. 15.000 fyrir fullorðna og kr. 7.500 fyrir börn. Sértilboð 19. júlí.

### Hotel Griego Mar ***
### Hotel Roc Flamingo ***

Kr. 139.900
11 nætur með „öllu inniföldu"

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með „öllu inniföldu" í 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með „öllu inniföldu" kr. 149.900. Sértilboð 19. júlí.

**Takmarkaður sætafjöldi og gisting í boði!**
**Athugið að verð getur breyst án fyrirvara.**
Sjá nánar á www.heimsferdir.is.

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

ENNEMM / SÍA • NM46859 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## KJÖRKASSINN



*Sækir þú skipulagða bæjarhátíð á þessu sumri?*

| | |
|---|---|
| Já | 28,7% |
| Nei | 71,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú trú á grasalækningum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Nýjar reglur settar um netaveiði til að vernda sjóbleikju- og laxastofna:

# Hertar reglur um netaveiði í sjó

**VEIÐAR** Settar hafa verið nýjar reglur um veiðar á göngusilungi í sjó, samkvæmt tilkynningu frá Fiskistofu. Er þeim ætlað að vernda sjóbleikju- og laxastofna á nokkrum svæðum við landið.

Nýjar reglur kveða á um að netaveiði er bönnuð á svæðinu frá Akranesi að Hítará á Mýrum. Nær bannið til þessa og næsta árs frá og með 10. júní til 10. ágúst.

Megintilgangur þessara reglna er að vernda bleikjustofna á Hvítársvæðinu, sem hafa átt mjög undir högg að sækja hin síðari ár en einnig að koma í veg fyrir veiðar á laxi í silunganet þegar mest gengur af laxi.



**BLEIKJA** Ótta um viðgang laxa- og sjóbleikjustofna er mætt með hertum reglum. MYND/GARÐAR

Á sama tímabili er sjóbleikjuveiði bönnuð með allri strandlengju Þistilfjarðar. Þar eiga sjóbleikjustofnar undir högg að sækja, en einnig á að koma í veg fyrir veiðar á laxi í silunganet. Eins er sett bann við sjóbleikjuveiði með strandlengju Skjálfandaflóa frá ósum Laxár að Tjörnestá af sömu ástæðum. Stórlax hefur mjög átt undir högg að sækja í Laxá í Aðaldal og hefur veiðifélagið brugðist við með því að setja reglur um að eingöngu megi veiða á flugu og sleppa skuli öllum laxi sem veiðist.

Fyrir eru í gildi miklar takmarkanir á netaveiðum göngusilungs í sjó, samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. - shá

Bandalag háskólamanna:

# Eingreiðsla í fæðingarorlofi

**KJARAMÁL** Bandalag háskólamanna (BHM) lýsir yfir andstöðu við þá túlkun vinnuveitanda að fólk í fæðingarorlofi fái ekki 50 þúsund króna eingreiðslu sem samið var um í nýgerðum kjarasamningum. Bandalagið telur þessa ráðstöfun sérlega ómálefnalega, ekki síst í tilfelli hins opinbera, í ljósi þess að eingreiðslan er greidd atvinnuleitendum og lífeyrisþegum.

Þá telur BHM það ekki sæmandi að nýbakaðir foreldrar séu teknir út fyrir sviga. - mþl



**EIGINMAÐURINN Í TÖSKUNNI** Juan Ramirez Tijerina staðinn að verki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Misheppnuð flóttatilraun:

# Ætlaði að flýja fangelsi í tösku

**MEXÍKÓ, AP Starfsmenn fangelsis í Quintana Roo í Mexíkó tóku eftir að Maria del Mar Arjona, nítján ára eiginkona fanga eins, virtist nokkuð taugaóstyrk þegar hún var á leiðinni út úr fangelsinu eftir að hafa heimsótt eiginmann sinn, hinn tvítuga Juan Ramirez Tijerina. Hún var að auki með í eftirdragi nokkuð stóra ferðatösku sem virtist mjög úttroðin.**

**Þegar að var gætt reyndist eiginmaður hennar vera í ferðatöskunni, þar sem hann hafði hniprað sig saman í fósturstellingu.**

**Ramirez er að afplána tuttugu ára fangelsisdóm fyrir ólöglega vopnaeign. Hann á nú yfir höfði sér nýtt dómsmál vegna flóttatilraunar.** - gb

## NÁTTÚRA

**Fáir æðarungar**

Ekki hafa verið færri æðarungar á kollu frá því að talningar hófust árið 2007. Það er Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi sem telur. Meðaltal unga á hverja kollu er nú um 0,21. Meðaltal síðustu ára var 1,67 ungar á kollu.

# Ögmundur segir sjálfsagt að ræða EFTA-dómstólinn

**Gagnrýni dómara EFTA-dómstólsins á tregðu íslenska ríkisins til að senda mál hefur vakið nokkur viðbrögð. Innanríkisráðherra segir það vekja furðu hve EFTA-dómstóllinn hafi verið stóryrtur í garð íslensks réttarkerfis. Skúli Magnússon segir mikilvægt að samstarf íslenskra dómstóla og EFTA-dómsins sé gott.**

**DÓMSMÁL** „Auðvitað er það þannig að íslenskir dómstólar og EFTA-dómstóllinn fara með ólík hlutverk,“ segir Skúli Magnússon, dómritari EFTA-dómstólsins. „Íslenskir dómstólar dæma um íslensk lög en EFTA-dómstóllinn fer ásamt Evrópudómstólnum með endanlegt úrskurðarvald um túlkun EES-samningsins. Svo lengi sem Íslendingar vilja vera aðilar að EES-samningnum verða þeir að sætta sig við að íslenskir dómstólar fara ekki með endanlegt úrskurðarvald um efni þessara reglna. Það liggur einfaldlega í eðli alþjóðlegra samninga.“

Skúli segir enga þversögn eða mótsögn fólgna í því að EFTA-dómstóllinn fari með þetta hlutverk og íslenskir dómstólar taki svo við boltanum og framfylgi EES-reglum á Íslandi.

„En einmitt þess vegna er svo mikilvægt að samstarf EFTA-dómstólsins og íslenskra dómstóla sé bæði gott og heilbrigt. Ummæli á borð við þau sem innanríkisráðherra hefur látið frá sér fara virðast benda til að hann átti sig ekki alveg á þessari verkaskiptingu íslenskra dómstóla og EFTA-dómstólsins og átti sig ekki heldur á mikilvægi þess að samstarf milli þessara dómstóla sé gott og heilbrigt.“

Skúli er þar að vísa til þeirra orða Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra að hann líti ekki á EFTA-dómstólinn sem heilaga ritningu í öllum efnum. Ögmundur ítrekar þau orð sín í viðtali við Fréttablaðið.

„Ég minni til dæmis á að þegar þjónustutilskipun Evrópusambandsins var samþykkt fyrir fáeinum árum eftir áralangt tog á milli félagshyggjufólks og frjálshyggjumanna þá fögnuðu báðar fylkingar sigri. Báðar höfðu þær nefnilega fundið syllu til að standa á í málaferlum framtíðarinnar um túlkun tilskipunarinnar,“ segir Ögmundur. „Að sjálfsögðu er það samt svo að Íslendingar vilja fara að þeim reglum og lögum sem þeir gangast undir hvort sem það er hér á landi eða innan hins evrópska efnahagssvæðis og ef mönnum finnst eitthvað skorta á að mál gangi nógu greiðlega til álitsgjafar hjá dómstólnum, þá er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til að taka þá umræðu,“ segir Ögmundur.

„Hitt er svo annað mál, að ég furða mig á hve stóryrtur forseti EFTA-dómstólsins hefur verið í yfirlýsingum sínum þegar hann gagnrýnir íslenskt réttarkerfi.“

Bæði Carl Baudenbacher, forseti dómstólsins, og Skúli Magnússon dómritari hafa gagnrýnt tregðu íslenskra stjórnvalda til að senda mál til ráðgefandi álits til EFTA-dómstólsins. Skúli segist hins vegar engan veginn átta sig á þessum ásökunum um stóryrði af hálfu EFTA-dómstólsins.

„Í gagnrýni sinni var Baudenbacher fyrst og fremst að vísa til þeirrar stefnu íslenskra stjórnvalda og þá ríkislögmanns sérstaklega að leggjast gegn því að spurningum um túlkun EES-reglna sé vísað af íslenskum dómstólum til EFTA-dómstólsins,“ segir Skúli.

Að auki hafi forseti réttarins vísað til gagnrýni sem hefur komið fram á einstaka dóma Hæstaréttar, þar sem því var hafnað að vísa málum til EFTA-dómstólsins þótt héraðsdómari hafi óskað eftir því. „Þar er hann einfaldlega að vísa til gagnrýni lögfræðinga eins og Davíðs Þórs Björgvinssonar, Elviru Méndez og Páls Hreinssonar.“

Þeir Skúli og Baudenbacher hafa einnig bent á að Ísland sé eina EFTA-landið sem gerir ráð fyrir því að hægt sé að kæra úrskurði héraðsdómara til æðra dómsvalds. Bæði í Noregi og í Liechtenstein sé dómurum treyst fyrir því að taka sjálfir ákvörðun um hvort þeir telji þörf á túlkun EFTA-dómstólsins í málum, sem þeir þurfa að dæma í.

„Þetta er einmitt einn af þeim þáttum, sem við þyrftum að skoða í þessari umræðu,“ segir Ögmundur, sem fyrir sitt leyti er reiðubúinn að skapa umræðuvettvang um þessi mál. gudsteinn@frettabladid.is



**EFTA-DÓMSTÓLLINN Í LÚXEMBORG** Dómararnir Þorgeir Örlygsson, Carl Baudenbacher og Henrik Bull ásamt Skúla Magnússyni dómritara. MYND/EFTA-DÓMSTÓLLINN

### Ríkislögmaður vísar gagnrýni á bug

Gagnrýni EFTA-dómstólsins hefur sérstaklega beinst að ríkislögmanni, sem hafi um árabil haft þá stefnu að kæra til Hæstaréttar helst alla úrskurði íslenskra héraðsdómara um að leita eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins.

Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður hefur fullyrt að það sé engin stefna embættisins að kæra öll mál til Hæstaréttar. Hvert mál sé skoðað fyrir sig. Hann segist reyndar ekki sjá að það standist skoðun að flest mál sem beinast gegn ríkinu hafi í reynd verið kærð til Hæstaréttar.

„Þegar maður fer yfir málin kemur í ljós að þau hafa ekkert verið kærð flest til Hæstaréttar. Þannig að ég hef mínar efasemdir um að þessi kenning sé rétt,“ segir hann.




# Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar



# Graníthellur

fallegri, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

**Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!**



CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

# 4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

| Hringhellu 2<br>221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8<br>800 Selfoss | Malarhöfða 10<br>110 Reykjavík | sími 4 400 400<br>www.steypustodin.is |
|---|---|---|---|

# SUMARÚTSALA

**ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR**



**ÚTSÖLUVERÐ 119.995**
VERÐ ÁÐUR 189.995
**-37%**

42LD420N

### 42" LG LCD FHD sjónvarp

Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn • XD Engine myndvinnslubúnaður • 2xHDMI • SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi

LG



**ÚTSÖLUVERÐ 59.995**
VERÐ ÁÐUR 79.995
**-25%**

3135

### 26" LCD-2631DVX-II sjónvarp

Mjög gott 26" LCD HD Ready sjónvarp
• Með innbyggðum DVD-spilara • 2 HDMI-tengi

SALORA



**ÚTSÖLUVERÐ 69.995**
VERÐ ÁÐUR 89.995
**-22%**

3141

### 32" LCD-3231DVX-II sjónvarp

Mjög gott 26" LCD HD Ready sjónvarp
• Með innbyggðum DVD-spilara • 2 HDMI-tengi

SALORA

### Yamaha BluRay spilari

Dolby Digital True HD • Nettengjanlegur sem veitir m.a. aðgang að BD-Live og BonusView • USB-tengi sem spilar DivXHD • DLNA tengimöguleiki við tölvur til að streyma efni

YAMAHA

**ÚTSÖLUVERÐ 19.995**
VERÐ ÁÐUR 49.995
**-60%**



BDS667

**ÚTSÖLUVERÐ 325**
VERÐ ÁÐUR 1.695
**-80%**



### Tölvumús „Standard" USB

media-tech

MT1075KU

### Nokia C3-01 Silver

Takkar og snertiskjár
• Wi-Fi
• Facebook
• Twitter
• 5 MP myndavél

**ÚTSÖLUVERÐ 24.995**
VERÐ ÁÐUR 39.995
**-38%**

NOKIA



002S9L7

**ÚTSÖLUVERÐ 69.995**
VERÐ ÁÐUR 99.995
**-30%**

### HTC Desire White

• Frábær Android sími með 2.2 Android.
• 3,7" skjár • 5 MP myndavél • WiFi

htc

android



10018834



GT-E1360IWBXEE

**ÚTSÖLUVERÐ 4.995**
VERÐ ÁÐUR 18.995
**-74%**

### Samsung E1360

Einfaldur og góður sleðasími frá Samsung

SAMSUNG

SUMARÚTSALA

**20%** afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma
Mikið úrval af farsímum á allt að **60%** afslætti
**10%** afsláttur af nýjum símum

**Rýmum til fyrir nýjum vörum!**

Hátækni

**Opið:** Virka daga 9.30–18 • lokað á laugardögum í sumar

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is/utsala

PIPAR\TBWA • SÍA • 111852

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvaða bannaða eiturefni er talið að sé að finna í flugeldum sem hingað hafa verið fluttir?*

**2.** *Hvað heitir útgerðarfélagið á Flateyri sem úrskurðað var gjaldþrota í byrjun árs?*

**3.** *Hvað heitir þyrla Landhelgisgæslunnar sem átti brátt að fara í reglubundna skoðun?*

**SVÖR**

**1.** Hexaklórbensen, eða HBC. **2.** Eyraroddi. **3.** TF-GNÁ.

Yfirvöld í Vestmannaeyjum leita nú til einkaaðila til að sigla um Landeyjahöfn:

# Hafa leitað til innlendra og erlendra aðila

**SAMGÖNGUR** „Við erum í þeirri stöðu að vera með bakið upp við vegg. Það eru ofboðslega þung skref fyrir Vestmannaeyjar að taka aftur upp siglingar í Þorlákshöfn eingöngu,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Yfirvöld í bænum hafa nú leitað til einkaaðila, innanlands og utan, til að kanna áhuga á því að sigla í Landeyjahöfn.

„Málið er á allra fyrstu metrunum og er gert af stakri neyð,“ segir hann.

Er þetta gert í ljósi þess að ferðum Herjólfs um höfnina var ítrekað aflýst í vetur og verið er að meta hvort beri að loka Landeyjahöfn allan næsta vetur.

„Ef ölduviðmiðin eru tveir metrar fyrir Herjólf, þá verður þetta ekki einu sinni sumarhöfn lengur,“ segir Elliði. „Þegar hún var hönnuð var það gert með grunnristara skip í huga.“

Elliði segir áætlanir hafa legið fyrir um að smíða nýja ferju til að sigla um höfnina, en ríkið hafi fallið frá þeim áformum. Kostnaðaráætlun fyrir skipið hafi verið á milli tveir og þrír milljarðar króna. „Nú stöndum við frammi fyrir því, eins og varað var við, að Herjólfur ræður ekki við siglingar í Landeyjahöfn. Við getum ekki farið inn í annan vetur eins og þann síðasta,“ segir hann og bætir við að þeir rekstraraðilar sem leitað hafi verið til sýni verkefninu áhuga. **- sv**



**LANDEYJAHÖFN** Bæjarstjórinn í Eyjum segir bæjaryfirvöld hafa leitað til einkaaðila til þess að kanna áhuga á siglingum milli Eyja og Landeyjahafnar.

**Travel John ferðaklósett leysa málið**

*Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.*



TravelJohn

*Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum **Lyfju** og **Lyf og heilsu apótekum.***

*Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is*

Gaskútaþjófar handteknir:

## Reyndu að selja stolna gaskúta

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi handtók nýverið þrjá gaskútaþjófa. Til þeirra spurðist er þeir voru að reyna að selja gaskúta hjá Olís á Selfossi. Þeim var neitað um viðskiptin.**

**Að því búnu lögðu þremenningarnir leið sína í N1 í Hveragerði. Þar voru þeir handteknir. Við yfirheyrslur játuðu þeir að hafa stolið gaskútum. Rannsókn leiddi í ljós að einn þeirra hafði stolið sex kútum af starfssvæði Samskipa á Selfossi, fjórum kútum frá Byko á Selfossi og fjórum kútum frá N1 á Hvolsvelli í lok maí síðastliðins. Tveir mannanna hafa margoft komið við sögu lögreglu.**

**- jss**



**MERKIR LÍKKISTURNAR** Starfsmaður lagfærir merkingar á 613 líkkistum í líkhúsi í Visoko. Borin hafa verið kennsl á líkin og verða þau grafin í minningarathöfn á sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

# Hollendingar bera ábyrgð á Srebrenica

**Áfrýjunardómstóll í Hollandi komst að þeirri niðurstöðu að hollenska ríkið eigi að greiða skaðabætur til ættingja þriggja Bosníu-múslima, sem Bosníu-Serbar myrtu í Srebrenica árið 1995.**

**HOLLAND, AP** Hollendingar bera ábyrgð á dauða þriggja Bosníu-múslima í fjöldamorðunum í Srebrenica árið 1995. Þetta er niðurstaða hollensks áfrýjunardómstóls, sem kvað upp þann úrskurð að hollenska ríkið eigi að greiða ættingjum mannanna þriggja skaðabætur.

Hollenskir friðargæsluliðar voru í Srebrenica þegar fjöldamorðin voru framin. Þeir áttu að bera ábyrgð á öryggi fólksins í Srebrenica, sem átti að vera griðastaður á vegum Sameinuðu þjóðanna í Bosníustríðinu.

Málið getur haft víðtæk áhrif því ættingjar fleiri fórnarlamba gætu nú höfðað mál. Þá getur málið orðið fordæmisgefandi á víðari grunni, þannig að ríki sem senda fólk til friðargæslustarfa á vegum Sameinuðu þjóðanna geta nú átt á hættu að verða dregin fyrir dóm.

„Þetta er mjög gott, loksins,“ sagði Damir Mustafic, einn ættingjanna. Það hittist svo á að dómurinn féll aðeins fáum dögum áður en jarðneskar leifar föður hans verða jarðsettar í kirkjugarði í Srebrenica.

Lík hans er eitt af sex hundruð sem grafin hafa verið upp og kennsl borin á með aðstoð DNA-greiningar nú á þessu ári. Þessi lík verða öll jarðsett í minningarathöfn í kirkjugarðinum þegar þess er minnst að 16 ár verða liðin frá fjöldamorðunum, sem eru alvarlegasti stríðsglæpur sem framinn hefur verið í Evrópu frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

**8** þúsund Bosníu-múslimar voru myrtir af serbneskum hersveitum í júlí 1995. Hersveitirnar voru undir stjórn Ratkos Mladic herforingja sem var handtekinn í maí eftir 16 ár á flótta.

Það var Hasan Nuhanovic, túlkur sem missti bæði föður sinn og bróður í fjöldamorðunum, sem höfðaði málið ásamt ættingjum rafvirkjans Rizo Mustafic, sem einnig var myrtur af Bosníu-Serbum í Srebrenica.

Rafvirkinn Mustafic var í starfi hjá hollensku friðargæsluliðunum og Nuhanovic starfaði einnig hjá þeim, en ekki faðir hans og bróðir.

Hinir myrtu voru meðal þúsunda Bosníu-Serba sem leituðu skjóls í Srebrenica, þar sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu heitið þeim öryggi.

Hinn 11. júlí árið 1995 réðust serbneskir hermenn undir stjórn Ratkos Mladic herforingja á Srebrenica. Tveimur dögum síðar létu hollensku friðargæsluliðarnir, sem voru mun færri en hersveitir Serba, undan þrýstingi innrásarliðsins og ráku þúsundir Bosníu-múslima út úr griðastaðnum. Serbnesku hermennirnir tóku karla og drengi út úr hópnum og fluttu þá burt. Um það bil átta þúsund þeirra voru síðan myrtir og grafnir í fjöldagröfum.

**gudsteinn@frettabladid.is**




*„Ótrúlega þægilegt, spennandi að fylgjast með sinni eyðslu miðað við aðrar fjölskyldur!“*
*- Kona á sextugsaldri*

MENIGA | Heimilisbókhald Íslandsbanka

Meniga fór í loftið árið 2009 í samstarfi við Íslandsbanka og hefur hjálpað þúsundum notenda að bæta heimilisrekstur sinn. Nú eru um 9.000 viðskiptavinir Íslandsbanka skráðir hjá Meniga. Ert þú einn af þeim?

**Skráðu þig í Meniga í Netbanka Íslandsbanka**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-1518

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-1531

# Gott úrval notaðra bíla

Jeppar, jepplingar, lúxusbílar, smábílar, fjölskyldubílar, vinnubílar ...



# Þriggja daga kaupauki

**dagana 6.–8. júlí**

**Þegar þú kaupir notaðan bíl hjá Öskju getur þú valið milli tveggja kaupauka* allt að:**

- **100.000 kr. gjafabréf hjá N1**
- **100.000 kr. gjafabréf hjá Cintamani**

**Tilboðið gildir aðeins miðvikudag, fimmtudag og föstudag.**




Komdu í ÖSKJU á **Krókhálsi 11** eða farðu
á **www.askja.is** og finndu bíl að þínu skapi.

* Bíl á verði allt að 2,5 millj. fylgir 50.000 kr. inneign en 100.000 kr. bíl á yfir 2,5 millj.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is

ASKJA



**FÆDD Í DÝRAGARÐI** Þessi snæugla var aðeins 46 grömm þegar hún fæddist fyrir skömmu í Hannover í Þýskalandi. Innan sextíu daga verða fjaðrirnar að mestu orðnar hvítar. MYND AFP/NORDIC PHOTO

Læknislaust var á Vopnafirði um þriggja daga skeið vegna sparnaðaraðgerða:

# Mótmæla læknisleysi harðlega

**HEILBRIGÐISMÁL** Hreppsnefnd Vopnafjarðar hefur mótmælt því við velferðarráðuneytið og Heilbrigðisstofnun Austurlands að Vopnafjörður verði án grunnlæknisþjónustu eins og var um þriggja daga skeið í síðasta mánuði.

„Það var búið að gera okkur grein fyrir því að þetta gæti endurtekið sig í haust og það viljum við alls ekki sjá,“ segir Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri. „Það getur nefnilega verið erfitt, jafnvel fyrir fílhraust fólk, að segja: nei ég ætla ekki að vera veikur í dag,“ bætir hann við.



**FRÁ VOPNAFIRÐI** Vopnfirðingar taka það ekki í mál að verða læknislausir aftur.

Hreppsnefndin bókaði mótmæli á fundi sínum 23. júní og þar segir: „Vopnafjörður er í 135 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum, þar sem næst er unnt að ná í lækni, ef vá ber að dyrum. Jafnframt er um háa fjallvegi í um 600 metra hæð yfir sjávarmáli að ræða svo allsendis er óvíst hversu öruggt er að komast milli þessara staða...“

„Þetta er eins og rúlletta að spara með þessum hætti, það gæti nú aldeilis orðið dýrt ef einhver veikist og kemst ekki undir læknishendur í tíma,“ segir Þorsteinn.

Það var dagana 16. til 19. júní sem enginn læknir var á vakt á Vopnafirði. - jse

Brot á reglum um samruna:

# Forlagið sektað um 25 milljónir

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur sektað bókaútgáfuna Forlagið um 25 milljónir króna vegna samkeppnisbrota. Fyrirtækið er talið hafa brotið skilyrði sem sett voru fyrir samruna JPV-útgáfu og Vegamóta í Forlagið árið 2008.

Forlagið kveðst harma ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Þá er Forlagið ósammála úrskurðinum og mun skjóta honum til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og síðan til dómstóla ef þörf krefur, segir í tilkynningunni. - mþl



**LAXÁRSTÖÐ II** Viðhald veldur því að ekki verður unnt að taka á móti ferðamönnum. MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON

Viðhald hjá Landsvirkjun:

# Framkvæmdir í Laxárstöðvum

**ORKUMÁL Landsvirkjun vinnur nú í sumar að fjölmörgum viðhaldsverkefnum í Laxárstöðvum. Þess vegna verður ekki mögulegt að taka á móti gestum í Laxárstöðvar í sumar eins og fyrri ár.**

**Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir lítilsháttar töfum á umferð í næsta nágrenni við vinnusvæðið. Verklok eru áætluð í september.** - shá

Langflestir þeirra sem hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni á síðasta einu og hálfa ári standa nú utan trúfélaga:

# Fækkað í þjóðkirkjunni um 6.500 manns

**TRÚMÁL** Um 6.740 manns hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni frá því í desember 2009. Þetta kemur fram í nýjum tölum um trúfélagaskráningu sem Þjóðskrá hefur tekið saman.

Langmest var um úrsagnir í ágúst og september í fyrra, þegar umræðan um kynferðisbrot innan kirkjunnar var sem mest. Þá sögðu ríflega 3.500 skilið við þjóðkirkjuna, meirihlutinn í ágúst.

Næstmesti kippurinn var í nýliðnum júnímánuði, þegar 890 manns breyttu skráningunni. Þá var skýrsla Rannsóknarnefndar kirkjuþings um kynferðisbrotamál þar innanborðs gerð opinber.

Á þessu tímabili, frá því í desember 2009, hafa 259 verið skráðir í þjóðkirkjuna. Nettófækkun er því um 6.500 manns.

Langflestir þeirra sem sögðu sig úr þjóðkirkjunni á þessu tímabili standa nú utan trúfélaga, eða um 4.800 manns. Næstflestir gengu til liðs við einhverja af fríkirkjunum þremur. Fjölgað hefur í þeim söfnuðum um rúmlega 1.200 manns á þessu eina og hálfa ári. Afgangurinn, ríflega 700 manns, skráðu sig í önnur trúfélög.

Töluvert fleiri karlar hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni en konur, eða 3.722 á móti 3.019. Þá er algengara að fólk með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu segi skilið við þjóðkirkjuna en fólk af landsbyggðinni.

Breytingarnar ná til allra aldurshópa en þó má merkja ríkari tilhneigingu meðal yngra fólks en eldra til að breyta trúfélagaskráningu sinni. - sh






Íbúar hvattir til að mála húsgafla sem eru í sjónlínu frá götu:

# Sjálfboðaliðar fegra borgina

**REYKJAVÍK** Fulltrúar frá sjálfboðaliðasamtökunum SEEDS, eða SEE beyonD borderS, vinna þessa dagana að því að fegra ásýnd miðborgarinnar. Borgin hvetur húseigendur til að taka þátt í átakinu.

Meðal þess sem sjálfboðaliðarnir munu gera, undir stjórn framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar, er að mála ljósastaura, vegstólpa og stöðumæla við Laugaveg og Austurstræti. Borgin hvetur húseigendur til að mála framhliðar eða gafla í sjónlínu frá götu, sé þess þörf. - sh



**FEGRAÐIR STAURAR** Sjálfboðaliðarnir voru önnum kafnir við að mála ljósastaura á Laugaveginum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Hvunndagshetjur og dugmiklir starfsmenn borgarinnar veiða í stað stjórnenda:

# Afsala sér veiðirétti í Elliðaánum

**SAMFÉLAGSMÁL** Borgaryfirvöld hafa ákveðið að þeir veiðidagar í Elliðaánum sem borgin hefur til ráðstöfunar verði nýttir af borgarbúum en ekki borgarfulltrúum og starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur eins og löngum hefur verið.

Reykjavíkurborg hefur haft fimm daga til ráðstöfunar í Elliðaánum. Í fyrra afsöluðu borgarfulltrúar sér tveimur dögum og voru Reykvíkingar beðnir um að koma með ábendingar að hvunndagshetjum sem ættu skilið að fá að veiða í ánum. Það fyrirkomulag verður haft áfram. Enn fremur hefur Reykjavíkurborg ákveðið að gefa dugmiklum starfsmönnum borgarinnar kost á því að veiða í ánum í einn dag á góðum tíma. Verða starfsmenn Reykjavíkurborgar hvattir til að benda á samstarfsmenn sem eru vel að veiðinni komnir.

Þá afhendir Reykjavíkurborg Stangaveiðifélagi Reykjavíkur tvo daga í ánum til ráðstöfunar og munu félagsmenn SVFR njóta þeirra auk þess sem félagið mun nýta þá til barna- og unglingastarfs.

Stangaveiðifélagið var stofnað árið 1939 til að leigja veiðirétt í ánni og hafa félagsmenn þess staðið að hreinsun og viðhaldi ánna æ síðan. - shá



**MARÍULAX** Gunnlaugur Sigurðsson, Reykvíkingur ársins, með maríulax sinn við opnun ánna í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


TRÚLOFUNARHRINGAR
falleg minning á fingur



JÓ 40
JÓN & ÓSKAR 1971-2011
PIPAR\TBWA • SÍA • 111301
www.jonogoskar.is LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
10 ÁRA 2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft





Skráning er hafin á marathon.is

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni Menningarnætur, 20. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi, allt frá Latabæjarhlaupi fyrir börnin og upp í heilt maraþon.

Boðhlaup – hlauptu maraþon með félögum þínum

Gerðu Reykjavíkurmaraþonið þitt enn skemmtilegra. Í boðhlaupi taka 2-4 sig saman og skipta heilu maraþoni á milli sín. Nánar á marathon.is.

Hlaupastyrkur – hlaupum til góðs

Þú getur látið gott af þér leiða með hlaupinu. Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali með því að fá vini og vandamenn til að heita á þig.

28 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA 20. ÁGÚST 2011
Íslandsbanki
- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Markmið um sparnað í ríkisrekstrinum nást ekki nema ríkisstarfsmönnum fækki.

## „Mjög sláandi“

Fréttablaðið greindi frá því í gær að ríkistjórnin væri tæplega hálfnuð með áform sín um að fækka ríkisstofnunum um 30 til 40 prósent. Þegar hefur þeim fækkað um 30, sem samsvarar um 15 prósentum, en ríkisstofnanirnar voru 200. Fyrir lok næsta árs á að vera búið að fækka þeim um 30-50 í viðbót.

Þetta er mikilsverður árangur í því verkefni að vinda ofan af þeirri gífurlegu útþenslu ríkisins sem átti sér stað á áratugnum fyrir hrun. Í hinu þægilega starfsumhverfi stjórnmálamannanna, þar sem skattpeningarnir ultu inn, var auðvelt að segja já við tillögum um nýjar stofnanir og fleiri störf hjá ríkinu, án þess að hugsa út í afleiðingarnar ef tekjurnar brysti skyndilega.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Fjöldi stofnananna segir ekki alla söguna um árangurinn í þessu nauðsynlega verki. Sameining verður að hafa í för með sér hagræðingu og gerir það vafalaust með fækkun stjórnenda, en það dugir ekki til. Ætli menn að vinda ofan af vitleysu góðæristímans er óhjákvæmilegt að fækka störfum hjá ríkinu.

Það er að sjálfsögðu aldrei auðvelt verkefni að fækka starfsfólki, sérstaklega ef grípa þarf til uppsagna. En tölurnar setja málið í samhengi. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu fjölgaði stöðugildum hjá ríkinu, þar með talið hjá opinberum hlutafélögum, um 38% á árunum 1999 til 2008. Hvar eru menn staddir í að vinda ofan af þeirri fjölgun? Samkvæmt svari Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra á þingi í desember síðastliðnum hefur stöðugildum hjá ríkinu fækkað um tæp 5% frá 2008.

Sums staðar hefur raunar verið óhjákvæmilegt að fjölga ríkisstarfsmönnum eftir hrun, t.d. hjá nýjum embættum sérstaks saksóknara og umboðsmanns skuldara, og hjá stofnun á borð við Íbúðalánasjóð, sem þarf mannskap til að takast á við endurskipulagningu lána. Fjölgun hjá þessum stofnunum er væntanlega tímabundin og hægt að draga saman seglin á nýjan leik þegar frá líður.

Þótt allir sæmilega ábyrgir stjórnmálamenn ættu að geta verið sammála um að fækkun ríkisstarfsmanna sé óhjákvæmileg, stökkva stjórnmálamenn í vörn þegar sparnaðurinn snertir atvinnugrein, hóp eða landsvæði sem þeir bera fyrir brjósti. Landsbyggðarþingmönnum fannst til dæmis ákaflega óréttlátt hvernig hagræðing í heilbrigðiskerfinu og víðar í ríkisrekstrinum kom niður á kjördæmunum þeirra. Þegar Steingrímur fjármálaráðherra upplýsti á þingi að af 545 stöðugildum sem hurfu hjá ríkinu væru 300 á landsbyggðinni sagði Ásbjörn Óttarsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, það „mjög sláandi“.

Hann kemur reyndar úr Norðvesturkjördæmi, þar sem ríkisstarfsmönnum fjölgaði um 162% á árunum 1999-2008, jafnmikið og í Norðausturkjördæmi og svolítið meira en í Suðurkjördæmi. Á sama tíma fjölgaði ríkisstarfsmönnum í Reykjavík um tæpan fjórðung og í Suðvesturkjördæmi um 12%.

Hluti af hinu þægilega starfsumhverfi stjórnmálamannanna var nefnilega að reka „byggðastefnu“ með því að fjölga störfum á landsbyggðinni á kostnað skattgreiðenda með fullkomlega óforsvaranlegum hætti. Engum fannst það víst þá „mjög sláandi“.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Golfpassinn 2011**

Spilaðu golf í allt sumar á 20 golfvöllum, **líka á höfuðborgarsvæðinu**. 5 hringir á hverjum velli.

**Einstaklingur 11.900 kr** **Fjölskylda 23.800 kr**
- Gildir fyrir 2 fullorðna og 2 börn undir 16 ára

**Sölustaðir:**
Olís, Krónan, Samkaup, Kjarval, Nettó, Kaskó, Hyrnan og Golfpassinn.is

**Golfvellir Golfpassans:**

Golfklúbbur Ásatúns *
Golfklúbbur Byggðaholts
Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs
Golfklúbburinn Gláma
Golfklúbburinn Gljúfri
Golfklúbbur Grindavíkur *
Golfklúbbur Hólmavíkur
Golfklúbburinn Laki
Golfklúbburinn Lundur
Golfklúbbur Mývatnssveitar
Golfkl. Oddur (Ljúflingur)
Golfklúbbur Ólafsfjarðar
Golfklúbburinn Ós
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbbur Seyðisfjarðar
Golfklúbburinn Skrifla
Golfklúbbur Staðarsveitar
Golfklúbburinn Úthlíð *
Golfklúbburinn Vík
Golfvöllurinn Þórisstöðum

* Stjörnumerkta velli er einungis hægt að spila á virkum dögum fyrir kl 15. Aðra velli er hægt að spila hvenær sem er.

2011 GOLF PASSINN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lofsöngur Landeyjahafnar

Mikið var um dýrðir í Landeyjahöfn 21. júlí 2110 þegar Kristján L. Möller, þáverandi samgönguráðherra, klippti á borða og lýsti höfnina opna. Ráðherra var enda stoltur af framkvæmdinni, þakkaði stjórnmálamönnum baráttu fyrir henni og sagði meðal annars: „Við erum hreykin af þessu mannvirki og öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn; sérfræðingunum sem sýndu fram á með rannsóknum sínum og vísindum að þetta væri gerlegt…“ Óvíst er að Vestmannaeyingar og gestir þeirra, sem horfa fram á að höfnin verði mögulega lokuð í vetur, séu jafn hreyknir og ráðherrann fyrrverandi.

### Best að halda lögin

Nefnd um Byggðastofnun skilaði af sér skýrslu til iðnaðarráðherra í gær. Þar var margar tillögur að finna og flestar allrar athygli verðar. Ein aðaltillagan vakti þó sérstaka athygli, en hún hljóðaði svo: „Stjórn Byggðastofnunar og eigendur tryggi að starfsemi Byggðastofnunar stangist ekki á við samkeppnislög.“ Ætli nefndin hafi þurft marga fundi til að leggja til að stofnunin héldi landslög?



### Útrás Sivjar

Siv Friðleifsdóttir er mikil áhugamanneskja um að takmarka eina söluvöru ríkisins, tóbak. Í því skyni hefur hún, ásamt nokkrum öðrum þingmönnum, lagt fram tillögu þess efnis að innan tíu ára verði tóbaksvörur lyfseðilsskyldar og fáist aðeins í apótekum. Siv hefur hins vegar farið mikinn í kynningum á efni tillögunnar og er stórhuga. Á heimasíðu hennar mátti sjá að á tveimur dögum, mánudegi og þriðjudegi, var hún í sjö viðtölum við erlenda fjölmiðla um málið. Ekki slæmt það um mál hvers afdrif eru enn fullkomlega óljós.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Samvinnuhreyfingar árið 2012

Samvinnu félög



**Skúli Skúlason**
formaður Kaupfélags Suðurnesja

Sameinuðu þjóðirnar, SÞ, hafa valið árið 2012 alþjóðlegt ár tileinkað samvinnuhreyfingum um allan heim. Samvinnufélög eru ýmist fyrirtæki í atvinnurekstri eða samtök með rík samfélagsleg markmið.

Samvinnufyrirtæki eru starfrækt í yfir 90 löndum og talið að félagsmenn séu nálægt milljarði í gegnum International Cooperative Alliance ICA sem eru alþjóðasamtök samvinnufyrirtækja. Samkvæmt ICA skapast um 100 milljónir starfa í heiminum vegna starfsemi samvinnufyrirtækja. Um 80-99% af mjólkurframleiðslu í Noregi, Nýja Sjálandi og Bandaríkjunum á rætur í samvinnufyrirtækjum. Samvinnufyrirtæki eru ábyrg fyrir um 70% fiskiðnaðar í Kóreu, 40% af landbúnaði í Brasilíu, 55% af verslun og þjónustustarfsemi í Singapore og 35% í Danmörku. Samvinnufyrirtæki í fjármálageiranum eru talin þjónusta um 850 milljón manns eða um 13% af mannfjölda heimsins. Samvinnubankar eru 4.200 talsins í heiminum og starfa undir regnhlífarsamtökum European Association of Cooperative Banks. Endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið KPMG er alþjóðlegt Samvinnufyrirtæki.

Ástæðan fyrir þessu vali Sameinuðu þjóðanna er að viðurkenna framlag Samvinnufélaga til félags- og efnahagslegrar þróunar, sérstaklega með tilliti til þróunar atvinnu og félagslegrar aðlögunar. Markmið ársins er að auka vitund almennings um hlutverk samvinnufélaga, stuðla að vexti samvinnufélaga um allan heim og koma á stefnu og löggjöf sem stuðlar að og styrkir stöðugleika samvinnuhreyfinga.

Samvinnuhugsjónin á Íslandi á rætur í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á fyrri hluta nítjándu aldar þegar verkafólk og bændur sameinast um stofnun félaga með það markmið að bæta kjör sín og rísa úr fátækt. Á Íslandi eru í dag 37 samvinnufélög og 9 húsnæðissamvinnufélög. Kaupfélag Suðurnesja var stofnað 13. ágúst 1945 og hefur síðan verið kjölfesta í atvinnulífi okkar Suðurnesjamanna.

Samvinnufélög eru byggð á gildum sjálfshjálpar, sjálsábyrgðar, lýðræðis, jafnréttis og samstöðu til eflingar nærsamfélaginu. Samfélagsleg ábyrgð er rík í hugum samvinnumanna og er í raun hjarta félaganna. Siðferðislega eiga þau að starfa á grundvelli heiðarleika, með gegnsæjum starfsháttum, félagslegri ábyrgð og umhyggju fyrir öðrum. Samvinnustarf er þjóðfélagsstefna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Mikilvægasta rannsókn allra tíma“

Fjármál

Lýður Guðmundsson
stjórnarformaður Bakkavör Group

Alvarlegasta ásökunin á hendur Exista í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fullyrðingin um að félagið hafi reynt að hagnast á falli krónunnar. Höfundar skýrslunnar, sem franska stjórnmálakonan Eva Joly fullyrðir að sé sú eina sinnar tegundar í heiminum, vaða reyk í umfjöllun sinni. Þessi staðleysa eins og svo margt annað úr skýrslunni um Exista er svo étið upp í fjölmiðlum, meðal annars í leiðara DV um síðustu helgi. Þar fékkst enn ein staðfesting þess að þeir sem tala mest um réttlæti og sanngirni eru oft síst til þess fallnir. Augljóst er að sífelld skrif DV manna um hina „réttlátu reiði í samfélaginu“ eru einungis hjúpur sem ætlað er að fela illgirni þeirra og mannfyrirlitningu.

Fall krónunnar átti sér margar skýringar. Gjaldeyrisvarnir Exista á árunum 2007 og 2008 er ekki ein þeirra. Þegar eign er keypt er almennt skynsamlegt að lán sé tekið í sömu mynt og tekjustreymið sem eignin skapar. Sé keypt íbúð á Íslandi sem greiða á fyrir með íslenskum launatekjum þá er vitaskuld áhættuminnst að lánið fyrir íbúðinni sé í krónum. Þetta hefur reynslan kennt okkur nú, en auðvitað hlustuðu margir á sínum tíma á spakvitra aðjúnkta og gilda þáttastjórnendur sem ráðlögðu almenningi eindregið að taka fasteignalán í erlendum gjaldmiðli.

**Eðlilegar varnir**

Exista fékk lán í erlendri mynt hjá um 40 erlendum og innlendum bönkum. Stundum gleymist að meirihluti lána Exista var tekinn hjá erlendum bönkum. Exista átti miklar eignir á Íslandi. Má þar helst nefna Kaupþing, VÍS, Símann og Lýsingu. Þegar af þessari ástæðu ætti flestum að vera ljóst að það var beinlínis andstætt hagsmunum Exista að gengi krónunnar félli þar eð slíkt leiddi óhjákvæmilega til versnandi afkomu félaganna. Og þar sem lán Exista í erlendri mynt voru umfram eignir í erlendri mynt voru gerðir gjaldmiðlasamningar. Slíkir samningar eru nú orðnir að skammaryrði hér á landi. Slíkt er þó álíka gáfulegt og telja það sérstakan ljóð á ráði manns að hann tryggi sig fyrir áföllum.

Gjaldmiðlasamningunum var ætlað að tryggja að Exista gæti keypt gjaldeyri á fyrirfram ákveðnum dagsetningum á fyrirfram ákveðnu gengi svo að félagið gæti greitt af skuldum sínum í erlendri mynt með þeim hagnaði sem til varð í íslenskum krónum af rekstri fyrirtækjanna. Fyrir þessa þjónustu bankanna greiddi Exista háar þóknanir fyrirfram. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er því ranglega haldið fram að Exista hafi þann 21. október 2008 selt stærstan hluta þess gjaldeyris sem félagið hafði aflað á grundvelli gjaldeyrissamninganna. Staðreyndin er sú að þegar til kastanna kom og krónan gaf eftir þá gátu bankarnir ekki afhent Exista þann gjaldeyri sem þeir höfðu lofað. Þetta mátti hverjum manni vera ljóst enda á allra vitorði að engan gjaldeyri var að hafa í bönkunum þann 21. október 2008. Hvernig þessi endaleysa gat ratað inn í skýrsluna er mér óskiljanlegt.

Ein skýringin er þó eflaust sú að enginn frá nefndinni talaði við mig né nokkurn annan mann innan Existasamstæðunnar við gerð skýrslunnar. Fróðlegt væri að heyra hvað umboðsmanni Alþingis fyndist ef stjórnvald tæki upp á því að viðhafa slík vinnubrögð við rannsókn mála.

Spákaupmenn reyna að hagnast á sveiflum í gjaldeyri, en ábyrgir stjórnendur reyna að verja félög sín fyrir slíkum sveiflum. Aldrei var sú staða uppi að Exista gæti hagnast á lækkun krónunnar, spurningin var einungis hve mikið væri hægt að draga úr tjóni vegna mögulegrar lækkunar hennar. Þá er rétt að geta þess að Fjármálaeftirlitið skoðaði á árinu 2008 gjaldeyrisvarnir Exista, að ósk Seðlabankans, og komst að því að þær væru eðlilegar.

> Handteknir menn eru gagnrýnislaust settir á forsíðurnar, allt eftir pöntun frá ESS, og húsleitir framkvæmdar nánast í beinni útsendingu.

**„Mikilvægasta rannsókn allra tíma“**

Ekki má skilja orð mín á þann veg að allt hafi verið með besta móti hjá Exista. Vitaskuld gerði ég mörg mistök. Og augljóslega svo slæm, að ég tapaði lunganum af eignum mínum. Við rannsókn embættis sérstaks saksóknara (ESS) verður þó að gera greinarmun á refsiverðu athæfi og ákvörðunum sem reyndust slæmar. Mér sýnist margir beita vitneskju dagsins í dag við mat á réttmæti ákvarðana sem teknar voru í aðdraganda hrunsins. Halda því svo fram að ákvarðanir sem reyndust slæmar séu þar með refsiverðar.

Á sama hátt og fjölmiðlar lofuðu bankana og viðskiptalífið fyrir hrun dásama þeir nú ESS. Handteknir menn eru gagnrýnislaust settir á forsíðurnar, allt eftir pöntun frá ESS, og húsleitir framkvæmdar nánast í beinni útsendingu (dæmi eru um að fjölmiðlar hafi verið mættir fyrir utan heimili sakborninga á undan húsleitarteymi ESS!). Grænninginn Eva Joly gaf línuna. Hún sagði rannsóknina á bankahruninu hér vera hvorki meira né minna en „mikilvægustu rannsókn allra tíma í Evrópu.“ Þá sagði hún bankamenn vera glæpamenn og að jafnmikilvægt væri að heyja baráttuna gegn þeim í fjölmiðlum og fyrir dómstólum. Egill Helgason, Þorvaldur Gylfason og fleiri fögnuðu vaskri framgöngu Evu og minntu látalæti þeirra í kringum hana óþyrmilega mikið á hegðun bandarískra ungmeyja þegar þær komast í námunda við poppstirnið Justin Bieber.

**Ákæruþrjótar fagna handtökum**

„Fjármálaeftirlitið (FME) hefur undir styrkri stjórn Gunnars Þ. Andersen sent 67 mál til sérstaks saksóknara“, skrifaði Þorvaldur Gylfason nýverið í Fréttablaðið og bætti við „FME sendir ekki frá sér önnur mál en þau, sem það telur líkleg til að leiða til sakfellingar.“ Seinheppni Þorvaldar ríður ekki við einteyming eins og aðdáun hans á Taílandi forðum, því að á sama tíma og grein Þorvaldar birtist, sátu héraðsdómarar við skrif sýknudóms í hinu svokallaða Exetermáli sem hófst einmitt með kæru frá FME og tilheyrandi látum í fjölmiðlum. Jafnframt er mér kunnugt um að fjöldi kærumála frá FME hafi verið látinn niður falla hjá ESS og því eru fullyrðingar prófessorsins kolrangar.

Ég hef ekki kynnt mér Exetermálið sérstaklega, en niðurstaðan í héraðsdómi nú í vikunni ætti að vera fjölmiðlamönnum sem og hatursfullum ákæruþrjótum áminning um að enginn er sekur fyrr en sekt hans er sönnuð.

AF NETINU

### Samúð umfram refsigleði

En í einu tilfelli sjá fjölmiðlar ástæðu til að geta refsiramma, væntanlega til að sýna alvöru málsins. Þetta er sá hörmulegi atburður sem gerðist á hóteli s.l. laugardag. Fréttir segja að nú sé stúlkan sem fæddi barnið komin í einangrun á Litla Hrauni.

Spurning mín er þessi: Af hverju þar? Er Hraunið eini staðurinn sem hægt er að vista þessa ólánskonu? Er þetta hluti af því að sýna refsigleðina?

Þarf ekki þessi kona umfram allt samúð?

Merkilegt að hlusta á þögn velferðarsamfélagsins.

http://blog.eyjan.is/gislibal/

**Gísli Baldvinsson**

Sérsmíðaðir Hnakkar

15. til 20. júlí verða hér í heimsókn enskir söðlasmiðir.
Þeir taka mát af hestum sem þurfa sérsmíðaða hnakka.
Upplýsingar veittar í síma
566 8045 eða 698 5799
Netfang: valditryggva@simnet.is

RAFSTÖÐVAR
Arges einfasa Rafstöð HD6500
Bensín m/rafstarti 5,2KW
98.900,-

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Arges einfasa Rafstöð HD3800
Bensín m/rafstarti 3,2KW
87.900,-
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-1518


Ég elska Meniga
„Ég eiginlega bara elska Meniga. Án gríns. Í hvert sinn sem ég kaupi í matinn sé ég fyrir mér súluritið í Meniga þar sem sést hvað ég er búin að eyða miklu af áætlun mánaðarins. Mér finnst líka virkilega gaman að dunda mér við að bera mína eyðslu saman við aðra.“
- Kona á fertugsaldri
MENIGA
Heimilisbókhald Íslandsbanka
Meniga fór í loftið árið 2009 í samstarfi við Íslandsbanka og hefur hjálpað þúsundum notenda að bæta heimilisrekstur sinn. 90% notenda Meniga mæla með vefnum við vini sína.
Skráðu þig í Meniga í Netbanka Íslandsbanka
islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000
Íslandsbanki

# tímamót

timamot@frettabladid.is



65 **GEORGE W. BUSH** er 65 ára.
*„Einræðisstjórn væri mun auðveldari, það er engin spurning.“*

---



*Yndislegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, sonur og bróðir,*

## Einar Skagfjörð Sigurðsson

*húsasmíðameistari, Fögruhlíð 3, Hafnarfirði,*

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 2. júlí. Jarðsungið verður frá Garðakirkju fimmtudaginn 14. júlí. kl. 15.00. Jarðsett verður í kirkjugarði Hafnarfjarðar.

**Erla Sveinsdóttir**
**Telma Rut Einarsdóttir**
**Linda Björg Reynisdóttir** **Þórir Gunnarsson**
**Einar Örn Reynisson** **Kolbrún Ósk Elíasdóttir**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir** **Sigurður Skagfjörð**
**Birna Baldursdóttir**
**Eyjólfur Guðni Björnsson**
**Jóna Björk Sigurðardóttir** **Steindór Árnason**
**Bogi Sigurðsson** **Borga Harðardóttir**
**Auður Bryndís Sigurðardóttir**
**G. Brynja Sigurðardóttir**
**Anna Sólveig Sigurðardóttir** **Þórður Úlfar Ragnarsson**
**Aðalheiður Drífa Sigurðardóttir**
**Guðmundur Björn Sigurðsson** **Natalia Vico**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Laufey Karitas Runólfsdóttir

áður til heimilis að Hamraborg 32, Kópavogi,

lést laugardaginn 25. júní á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir til allra sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug. Starfsfólki Skógarbæjar sendum við þakkir fyrir alúð og umönnun.

**Sigrún Edvardsdóttir**
**Friðjón Edvardsson** **Guðrún S. Kristjánsdóttir**
**Helga Björk Edvardsdóttir** **Guðjón G. Kristinsson**
**Berglind Edvardsdóttir** **Úlfar Sigurðsson**
**Ingi Þór Edvardsson** **Eybjörg Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför,*

## Sigurfljóðar Jónsdóttur

frá Litla-Langadal, Skógarströnd.
Sóltúni 2, Reykjavík.

**Halldóra Guðmundsdóttir**
**Sigrún Ögmundsdóttir** **Þórarinn Böðvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

## Sigmundur Sigurgeirsson

Hnotubergi 21, Hafnarfirði,

sem lést í faðmi fjölskyldu sinnar þriðjudaginn 28. júní, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 7. júlí kl. 15.00.

**Guðný Guðnadóttir**
**Ingigerður Sigmundsdóttir** **Sighvatur Kristjánsson**
**Sigurgeir Sigmundsson** **Kristín Arnarsdóttir**
**Ólafur Þór Sigmundsson** **Asefash Berhanu**
**Margrét Sigmundsdóttir** **Helgi Ásgeir Harðarson**
**Guðni Markús Sigmundsson** **Sólveig Magnúsdóttir**
**Guðjón Viðar Sigurgeirsson** **Sigrún Jóhannesdóttir**
**Helga Sigurgeirsdóttir** **Jón Berg Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg dóttir okkar, móðir, systir og amma,*

## Lydia Einarsdóttir

lést á heimili sínu þann 30. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 7. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð SÁÁ.

**Einar Ingvarsson** **Sigrún H. Rósenberg**
**Sigrún Ósk L. Gunnarsdóttir (Sól)**
**Bjartur Ára Lydiuson (Bál)**
**Ljúfur Ími Friðriksson (Líf)**
**Þórunn Ríkey Ás Friðriksdóttir (Þrá)**
**systkini og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir, sonur, bróðir, tengdafaðir og afi,*

## Hafsteinn Árnason

framkvæmdastjóri,
Blómvangi 1, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu þann 30. júní. Útför verður haldin í Fossvogskirkju þann 8. júlí kl. 13:00.

**Guðrún Ruth Jósepsdóttir**
**Gunnar Ingi Hafsteinsson** **Nerea Einarsdóttir Alvarez**
**Hafsteinn Hafsteinsson** **Hákon Guðröðarson**
**Helga Hafsteinsdóttir** **Dagbjartur Hilmarsson**
**Magnea I. Hafsteinsdóttir** **Njáll Flóki Gíslason**
**Helga Hafsteinsdóttir** **Þorsteinn Jónsson**
**Magnús Helgi Árnason** **Edda Magnúsdóttir**
**Jón Þorsteinsson** **Andrea O'Sullivan**
**og barnabörn.**

---



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim, sem sýndu okkur samúð og vinarþel við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og systur,*

## Þuríðar Svövu Kjartansdóttur

Sólvöllum 7, Selfossi.

Við sendum enn fremur starfsfólki líknardeildanna á Landakoti og í Kópavogi innilegar þakkir fyrir þá frábæru umönnun og hjúkrun, sem það veitti henni. Guð blessi ykkur öll.

**Óli Þ. Guðbjartsson**
**Kjartan Ólason** **Valgerður Bjarnadóttir**
**Anna María Óladóttir** **Jóhann M. Lenharðsson**
**Guðbjartur Ólason** **Margrét Sverrisdóttir**
**Haraldur Óli Kjartansson**
**Melkorka Kjartansdóttir** **Elín Svava Kjartansdóttir**
**Þórunn Anna Guðbjartsdóttir** **Óli Þorbjörn Guðbjartsson**
**María Kjartansdóttir**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og virðingu við andlát og útför míns kæra vinar,*

## Tómásar Helgasonar

frá Hnífsdal.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Magnúsdóttir.**

---

# Djass á Skógum

Hátíðin Jazz undir fjöllum verður haldin á Skógum undir Eyjafjöllum, laugardaginn 9. júlí. Fimm tónleikar verða haldnir á hátíðinni þetta árið en þemað er sunnlenskur djass.

Stórsveit Suðurlands leikur í félagsheimilinu Fossbúð á laugardagskvöldið. Þrír sunnlenskir söngvarar koma fram með sveitinni, þau Kristjana Stefánsdóttir, Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir og Gísli Stefánsson.

Í Skógakaffi verður lifandi og fjölbreytt dagskrá á laugardaginn frá klukkan 14 til 18. Þar koma meðal annars fram Ólafur Stolzenwald og Jón Rafnsson.

Aðgangur er ókeypis í Skógakaffi en 1.500 krónur kostar inn í Fossbúð. **- rat**



**DJASSHÁTÍÐ** Djassunnendur ættu að leggja leið sína í Skóga á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Harðar Þórs Snorrasonar

skipstjóra, frá Hrísey.

**Þórdís Sólveig Valdimarsdóttir**
**Guðrún Harðardóttir** **Jón Þór Arnarson**
**Pálmi Viðar Harðarson** **Sólveig Ása Eiríksdóttir**
**Hörður Þór Jóhannesson**
**Steingrímur Jóhannesson**
**Andri Freyr Hólm**
**Rakel Ósk Pálmadóttir**
**Birta Laufdal Pálmadóttir**
**Isabella Laufdal Pálmadóttir**
**Gabríela Ósk Pálmadóttir**
**Kristófer Freyr Harðarson**

---



*Okkar ástkæri,*

## Ragnar Hansen

múrarameistari,

lést á Landspítalanum föstudaginn 1. júlí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 8. júlí kl. 13.00.

**Jósefína Ragnarsdóttir Hansen**
**Helga Ragnarsdóttir Hansen** **Guðmundur Thor Guðmundsson**
**Friðrik Ragnarsson Hansen** **Katrín Ingadóttir**
**Hulda Ragnarsdóttir Hansen**
**Kristín Edda Ragnarsdóttir Hansen** **Hermann Guðmundsson**
**Kristófer Ragnarsson Hansen** **Ruth Elfarsdóttir**
**Sólveig Björg Ragnarsdóttir Hansen**
**Ragnar Stefán Ragnarsson Hansen** **Anna Gunnarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær móðir mín, amma okkar og systir,*

## Sigþrúður Pálsdóttir Sissú

myndlistarmaður,

sem lést fimmtudaginn 30. júní, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 7. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á reikn. 137-26-2254, kt. 221154-4449.

**Sunna Guðrún Eaton, Frosti Eaton, Freyja Eaton, Freyr Eaton og Max Rúnarsson. Hlöðver (Jack), Stefán, Sesselja, Páll Arnór, Signý, Þórunn, Anna Heiða, Ívar.**





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...


Vistvæna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 6. júlí 2011 – 11. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sí[illegible]000 vísir



Klausturbleikja

Bíða eftir lífrænni vottun á bleikju.

6



Markaðsátak í vændum

Miklir möguleikar í vetrarferðamennsku.

4-5

Greinaröð um nýsköpun

Að selja hugmyndir



6



**SÆVAR FREYR** Forstjóri Símans segir mikilvægt að kanna hvaða tíðnisvið fyrir gagnaflutningsnet henti best hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Síminn skoðar 4G

Síminn hefur sótt um tilraunaleyfi til reksturs á 4G-háhraðagagnaflutningsneti til Póst- og fjarskiptastofnunar. Áformað er að hefja prófanir á netinu í febrúar á næsta ári í samstarfi við sænska tæknifyrirtækið Ericsson.

Í lok maí sótti Nova fyrst fjarskiptafyrirtækja hér um leyfi til prófana á 4G-netinu í samstarfi við Huawei Technologies.

Síminn sækir um leyfið fyrir tvö tíðnibönd, annars vegar 800 megahertz (Mhz) og hins vegar 2.600 Mhz. Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, segir ástæðuna fyrir því að sótt er um tvö tíðnibönd þá að hann telji að 800 MHz henti jafnvel betur íslenskum aðstæðum og að samband náist yfir stærra svæði. - jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**FRAMLEIÐA ÞARF MEIRI MAT**
Sameinuðu þjóðirnar segja nauðsynlegt að auka mjög matvælaframleiðslu í heiminum, jafnvel þurfi hún að tvöfaldast á næstu þremur áratugum vegna mannfjölgunar upp í níu milljónir. Matvælaframleiðslan þarf auk þess að verða „grænni“ eða umhverfisvænni.



**LAGARDE RÁÐIN**
Christine Lagarde, nýr yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fær 53 milljónir króna í árslaun auk nærri tíu milljóna í dagpeninga, eða samtals ríflega fimm milljónir á mánuði – eftir að skattar hafa verið dregnir frá. Í viðbót við þetta getur hún fengið endurgreiddan útlagðan kostnað ef hann tengist beint starfinu. Sjóðurinn birti í gær ráðningarsamning hennar, sem er til fimm ára.

**FLUGFÉLÖG Í MÁL**
Mál bandarískra flugfélaga gegn Evrópusambandinu hefur verið tekið til meðferðar hjá Evrópudómstólnum. Flugfélögin segja kröfur ESB um hámarksútblástur gróðurhúsalofttegunda brjóta gegn alþjóðalögum.

# Mörg fyrirtæki líkleg á markaðinn í haust

**Væntingar um skráningar fyrirtækja á hlutabréfamarkað hafa ekki gengið eftir. Endurskipulagning er sögð ganga hægt. Nýr vettvangur fyrir sprotafyrirtæki í leit að fjármagni er í mótun.**

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Ekkert fyrirtæki hefur verið skráð á hlutabréfamarkað hér í rúm þrjú ár, eða frá skráningu Skipta, móðurfélagsins Símans á vordögum 2008. Staðan er hvergi jafn slæm á hinum Norðurlöndunum nema í Finnlandi. Þar hefur ekkert nýtt fyrirtæki litið dagsins ljós á aðallista hlutabréfamarkaðs í þrjú ár.

Væntingar voru uppi um að fyrsta fyrirtækið liti dagsins ljós í Kauphöllinni um mánaðamótin. Af því varð ekki. Búist er við að Arion Banki og Landsbankinn setji Haga og fjárfestingarfélagið Horn á markað í haust. Þá stóð Kauphöllin nýverið fyrir fræðslufundi, um þýðingu þess að vera skráð félag, fyrir fimmtíu forsvarsmenn rúmlega tuttugu fyrirtækja. Búist er við að það skili sér í holskeflu skráninga í haust.



**PÁLL HARÐARSON**

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir hlutina geta gengið hraðar fyrir sig. Ástæðan liggi að hluta til hjá bönkunum sem haldi í fyrirtæki sem þeir eigi að hluta eða öllu leyti lengur en þurfa þykir. „Við tökum heilshugar undir það sem hefur komið fram hjá Samkeppniseftirlitinu um að það eru kerfislægir hvatar hjá bönkunum sem toga í ranga átt og tefja fyrir endurskipulagningu fyrirtækja og endurreisn atvinnulífsins. Við tökum einnig undir meðmæli OECD sem hefur mælt með því að eiginfjárkrafa bankanna miðaðist við upprunalegt virði lána frekar en niðurfært virði þeirra. Það myndi skapa hvata til að klára endurskipulagninguna og koma þessum eignum úr bókum bankanna,“ segir hann og bendir á að á meðan gjaldeyrishöft eru í gildi sé fátt sem ýti við bönkunum.

Viðmælendur Fréttablaðsins taka undir gagnrýni Páls að hluta. Nokkrir þeirra sem blaðið hefur rætt við benda jafnframt á að skráning á hlutabréfamarkað henti stærri fyrirtækjum betur en smærri. Allt umstang og umsýsla við skráningu sé kostnaðarsamt auk þess sem kostnaður hér sé hár miðað við aðrar kauphallir á Norðurlöndunum.

„Það hentar ekki öllum fyrirtækjum að vera skráð í Kauphöll,“ segir frumkvöðullinn Frosti Sigurjónsson. Hann hefur ásamt Erni Þórðarsyni lagt grunninn að vettvangi fyrir eigendur og hluthafa óskráðra sprotafyrirtækja til að kynna fyrirtæki sín sem fjárfestingarkost. Viðræður hafa átt sér stað við banka, fjármálafyrirtæki og miðlara sem hafa tekið vel í hugmyndina.

Vettvangurinn keppir ekki við Kauphöllina heldur er hann hugsaður til að tengja saman fyrirtæki, miðlara og fjárfesta, að sögn Frosta. „Það er til fullt af fyrirtækjum sem eru góðir fjárfestingarkostir ef einhver vissi af þeim,“ segir hann og bendir á að vettvangurinn geti nýst þeim fyrirtækjum vel sem síðar meir vilji fara á hlutabréfamarkað.



# Sá gamli snýr aftur



Þýski bjórinn Löwenbräu varð fáanlegur á ný í verslunum ÁTVR á föstudag í síðustu viku. Bjórinn var á meðal þeirra fyrstu sem fáanlegur var hér þegar sala bjórs hófst 1. mars árið 1989. Síðan þá hefur hann bæði komið og farið.

Bjórinn sem fékkst í Ríkinu á sínum tíma var framleiddur hjá Sanitas hér á landi og naut mikilla vinsælda enda með þeim ódýrari. Sá sem nú hefur numið land er fluttur inn frá Þýskalandi.

Ágúst Héðinsson, markaðsstjóri heildsölunnar Haugen-Gruppen, sem tryggt hefur sér umboðið fyrir bjórinn segir að nú verði leikurinn endurtekinn, fyrirtækið hafi dregið úr álagningu og verð bjórsins lægra en keppinautanna. - jab

# Fyrsta konan í karlafansi Nýherja

„Þetta er mjög skemmtilegt tækifæri. Ég lít samt ekki á þetta sem aðalatriði en tel mikilvægt að visst jafnvægi náist í kynjahlutföllum í fyrirtækjum, enda hefur það sýnt sig að þeim fyrirtækjum sem það gera vegnar yfirleitt betur,“ segir Elsa M. Ágústsdóttir.

Hún var ráðin framkvæmdastjóri smásölusviðs hjá Nýherja í apríl og er fyrsta konan til að gegna stöðu framkvæmdastjóra hjá fyrirtækinu frá stofnun þess fyrir nítján árum.

Á hennar könnu er rekstur verslana Nýherja, netverslunar, heildsölu til fyrirtækja auk sölu á prentlausnum til fyrirtækja.



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Elsu M. Ágústsdóttur finnst jákvætt að hafa bæði kynin í lykilstöðum hjá fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Elsa, sem er 39 ára viðskiptafræðingur frá háskólanum á Bifröst, hóf störf hjá Nýherja árið 2006 og hefur bæði verið markaðsstjóri fyrirtækisins og rekstrarstjóri Sense, eins af dótturfélögum Nýherja.

Elsa bendir á að konum hafi fjölgað hjá Nýherja í seinni tíð eins og þróunin hefur verið í tæknigeiranum. Fyrr á þessu ári voru Hildur Dungal lögfræðingur skipuð í aðalstjórn Nýherja, og Marta Kristín Lárusdóttir, lektor við HR, skipuð í varastjórn. Þær eru fyrstu konurnar til setu í stjórninni. - jab

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,25%[A] | 11,25% | 11,20% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,20% | 11,20% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,15%[B] | 11,20% | 11,20% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 1,95% | 11,05% | 9,40 til 11,05% |
| BYR | PM-reikningur 2,00% [A] | 11,20% | 11,10 til 11,20% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 1,90% [C] | 11,25% | 11,25% |
| S24 …og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,00% | 10,45% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Sextán kjaradeilur til Ríkissáttasemjara

Kjaradeilur sextán stéttarfélaga og viðsemjenda þeirra hafa endað í hnút og liggja nú til meðferðar á á borði Ríkissáttasemjara.

Samningar Verkalýðsfélags Akraness hafa legið þar lengst, frá því í febrúar á þessu ári. Síðasta óleysta málið til að lenda á borðinu er frá Læknafélagi Íslands en þangað barst það á föstudag.

Samtals hafa fimmtíu mál komið til Ríkissáttasemjara frá áramótum og hafa 34 samningar verið undirritaðir síðan þá.

Ekki er til yfirlit yfir alla þá kjarasamninga sem enn á eftir að undirrita. Þeir sem enn eiga eftir að semja sín á milli eru hið opinbera og hlutafélög þess, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Rarik, Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafnir. - jab



**VÖFFLUKAFFI** Lengi hefur tíðkast að bjóða upp á vöfflukaffi við undirritun kjarasamninga. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins náðu saman í maí. Fjöldi kjarasamninga liggur enn án undirritunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sæstrengur gæti haft áhrif á útgjöld heimila

## Landsvirkjun áformar að tvöfalda raforkuframleiðslu á næstu fimmtán árum. Líklega hagkvæmt að selja umframorku um sæstreng. Niðurstaða fæst eftir þrjú ár, segir forstjórinn.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Rafmagnsreikningur íslenskra heimila gæti orðið sambærilegur við það sem þekkist í Evrópu gangi áætlanir Landsvirkjunar um lagningu sæstrengs héðan og til meginlands álfunnar eftir á næstu árum.

Þetta kemur fram í skýrslu GAMMA um efnahagsleg áhrif af rekstri og arðsemi Landsvirkjunar til ársins 2035. Lagning sæstrengs helst í hendur við framtíðarsýn Landsvirkjunar sem byggir á tvöföldun raforkuframleiðslu fram til 2025 og virkjanaframkvæmdum af ýmsum toga sem gæti skilað þjóðarbúinu tugmilljörðum króna í arð á ári.

„Sæstrengur er ekki á dagskrá hjá okkur í dag. Við þurfum tvö til þrjú ár í viðbót í greiningarvinnu. En við sjáum hann sem mjög áhugaverðan kost sem við erum að kynna okkur,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. Hann kynnti skýrsluna í síðustu viku ásamt fulltrúum GAMMA.

Landsvirkjun hóf í fyrra að gera mat á arðsemi sæstrengs á milli Íslands og meginlandsins og stendur sú vinna enn yfir.

Hörður bendir á að eftir því sem raforkuverð hækki hér þá dragi úr arðsemi sæstrengs. Á móti komi orkuöryggi og bætt nýting á dreifikerfinu. Það sé helsta ástæða þess að verið sé að tengja saman nær öll raforkukerfi heimsins.

Með sæstreng væri jafnt hægt að flytja umframorku héðan og aftur hingað ef nauðsyn krefði.

Í skýrslu GAMMA kemur fram að um leið og íslenska raforkukerfið tengist því evrópska þá muni verðbilið á milli þessara svæða líklega minnka og meðalverð Landsvirkjunar hækka. Bæði muni verð fyrir þá raforku sem seld er úr landi hækka auk þess sem orkusala innanlands muni verða fyrir töluverðum áhrifum þar sem samningastaða Landsvirkjunar gagnvart orkukaupendum muni batna verulega. Þótt þetta eigi öðru fremur við um orkusölu til stórra viðskiptavina Landsvirkjunar sem eru með stöðuga orkunotkun, þá geti það snert heimilin í landinu.



**FORSTJÓRI MEÐ FRAMTÍÐARSÝN** Gangi áætlanir Landsvirkjunar eftir gæti breytt áhersla í rekstri skilað tugmilljörðum í þjóðarbúið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hnýtt er við að hærra raforkuverð fyrir heimili landsins kunni ekki að vera að öllu leyti slæm þróun ef fundnar verði leiðir til þess að nýta arðinn af orkusölunni til að bæta landsmönnum upp kaupmáttarrýrnunina. Þá er tekið fram að hærra raforkuverð til almennings ætti óhjákvæmilega að kalla á hagkvæmari, skynsamlegri og skilvirkari notkun rafmagns í samræmi við kostnað.

Skýrsluhöfundar taka fram að stjórnvöld hafi ákvörðunarvald um áhrif raforkuverðs á heimilin enda kunni svo að fara að hið opinbera eignist sæstrenginn þegar fram líði stundir.


Velkomin í Eignastýringu Landsbankans

Eignastýring Landsbankans er sérhæfð fjármálaþjónusta fyrir viðskiptavini sem vilja byggja upp öflugt eignasafn og njóta sérfræðiráðgjafar á öllum sviðum bankaþjónustu.

Heimsæktu ráðgjafa Eignastýringar í Austurstræti 11, hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



# Þekkt kennileiti á besta stað



- Mjög vandaðar skrifstofur í virðulegu hverfi í miðbænum
- Húsnæðið skiptist í skrifstofur, opin vinnurými og fundarherbergi
- Tvær byggingar 227 m² og 270 m²
- Tengdar saman með 41,2 m² móttöku og kaffiaðstöðu
- Sérmerkt bílastæði fylgja húsinu, laust til notkunar



**TIL LEIGU**

**Túngata 6**
**101 Reykjavík**




**TIL LEIGU**

**Lágmúli 9**
**108 Reykjavík**



- Skrifstofuhúsnæði á 4. og 6. hæð (240 m², 410 m²)
- 6. hæðin er ný standsett – eikarinnréttingar og ljóst steinteppi
- 4. hæðin er einnig ný standsett – glerskilrúm og dúkur á gólfi
- Bjart húsnæði með góðu útsýni, laust til notkunar

www.reitir.is

**REITIR**
*Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk*



Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Jensson**
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

# Gríðarleg tækifæri í vetrarferðamennsku

Miklir möguleikar eru taldir vera á því að fjölga vetrarferðamönnum á Íslandi. Þannig sé hægt að nýta innviði ferðaþjónustunnar betur og auka arðsemi í greininni. Miklir peningar og fjöldi starfa gætu fylgt í kjöfar öflugs markaðsátaks og frekari uppbyggingar.

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið hratt síðastliðinn áratug og orðið ein af grunnstoðum íslensks efnahagslífs. Geirinn glímir hins vegar við það vandamál að vera afar árstíðabundinn, en rúmur helmingur allra ferðamanna kemur hingað á sumrin. Til að hægt sé að taka á móti mikið fleiri ferðamönnum á háannatímabilinu þarf talsverða fjárfestingu í innviðum ferðaþjónustunnar. Fjölgun vetrarferðamanna krefst hins vegar mun minni uppbyggingar. Nýta má mannvirki og mannskap betur og þannig auka arðsemi greinarinnar. Í því samhengi hefur verið bent á reynslu Finna, sem hafa gert mikið út á vetrarferðamennsku með góðum árangri. Starfsfólk í greininni er þess fullvisst að með átaki megi fjölga verulega vetrarferðamönnum. Merkjanleg fjölgun þeirra hefði án efa mikil jákvæð áhrif á þjóðarbúið auk þess að skapa fjölda starfa. Fréttablaðið kannaði hvað þarf að gerast til að þetta geti orðið að veruleika.

**FERÐAMENN SÆKJA Í NÁTTÚRUNA**

Fjöldi ferðamanna á Íslandi hefur vaxið mikið síðastliðinn áratug. Á árinu 2003 komu um Leifsstöð rétt rúmlega 300 þúsund ferðamenn. Fari hins vegar fram sem horfir verða þeir um 550 þúsund á þessu ári.

Langstærstu mánuðirnir í ferðaþjónustunni á Íslandi eru júlí og ágúst. Þar á eftir koma júní og svo september. Um 60 prósent allra ferðamanna sem koma hingað til lands koma á þessu fjögurra mánaða tímabili.

„Ef okkur tækist að fjölga verulega vetrarferðamönnum hefði það náttúrulega gríðarlega þýðingu fyrir ferðaþjónustuna. Sú fjárfesting sem liggur að baki innviðunum er mikil en nýtingin er afskaplega stuttan tíma ársins. Arðsemi ferðaþjónustunnar verður því lítil,“ segir Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri Hótel Rangár og stjórnarformaður Íslandsstofu. Friðrik bendir einnig á að það hve árstíðabundin ferðaþjónustan er valdi því að þjónustustigið verði aldrei jafn gott og ella. Ferðaþjónustan á sumrin sé að stórum hluta mönnuð með sumarstarfsmönnum og sé því oft á tíðum of laus í reipum.

Í sama streng tekur Hildur Ómarsdóttir, markaðsstjóri Icelandair Hotels. „Þetta hefði auðvitað gríðarlega mikla þýðingu. Tekjur af ferðaþjónustu eru stór hluti gjaldeyristekna þjóðarbúsins og þar af ertu með háönn sem er ekki nema rétt um tveir mánuðir á ári. Ef við gætum aukið hlut vetrarferðaþjónustu, þó ekki nema þannig að hún væri 50 prósent af sumrinu, þá hefði það mjög mikil áhrif á íslenskt efnahagslíf, svo ekki sé talað um atvinnuleysið,“ segir Hildur.

Það sem helst virðist laða erlenda ferðamenn til Íslands er náttúra landsins, en það kemur sennilega fáum á óvart. Það gildir jafnt um sumar- og vetrarferðamenn. Sú afþreying sem stendur ferðamönnum til boða á veturna þykir standa fyrir sínu þótt nauðsynlegt sé að auka úrvalið og markaðssetja það betur erlendis. Vetrarferðamenn



**VETRARFERÐAMENNSKA** Hægt er að njóta náttúrufegurðar Íslands hvort sem er að sumri eða að vetri til. Mikil tækifæri eru talin vera til staðar til að auka fjölda vetrarferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR, FERÐAMÁLASTJÓRI**



„Utan háannar þarftu að skilgreina betur hvað er hér í boði. Þú auglýsir ekki bara íslensku náttúruna almennt heldur er æskilegt að skilgreina einhvers konar upplifun. Þess vegna höfum við til að mynda litið til heilsuferðaþjónustu þar sem lögð er áhersla á vatnið og afslöppun. Þá hafa norðurljósaferðir gefið góða raun,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri.

**ÁRSÆLL HARÐARSON, SVÆÐISSTJÓRI**



„Mikill árangur í sveiflujöfnun hefur orðið, til dæmis frá Bretlandi en Bretar hafa komið mikið hingað í helgarferðir yfir veturinn og líka í norðurljósaskoðun. Það sama gildir um ferðamenn frá Japan og Kína. Við þyrftum að ná sama árangri víðar, til dæmis í Þýskalandi sem er mjög mikilvægur markaður,“ segir Ársæll Harðarson, svæðisstjóri á markaðssviði Icelandair.



**Þorláksmessa að sumri** er 20. júlí og verður haldið upp á það með hressilegu skötuáti í Miðgarði Gerðaskóla í Garði. Þar verður borðað til góðs og rennur allur hagnaður til góðgerðarmála. Hreimur, Bjartmar Guðlaugsson og Árni Johnsen eru meðal skemmtikrafta. Forsala og skráning er á asmundur@svgardur.is.



**Arngrímur Borgþórsson leggur upp í langferð á lítilli rellu og gerir ekki ráð fyrir miklum bensínkostnaði.**

# Keyrir hægt í torfærum



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arngrímur Borgþórsson, landshornaflakkari og vespugæi, ætlar nú í vikunni að leggja upp í langferð frá Norðurmýrinni í Reykjavík og rúlla sér alla leið á Lónsöræfi austan Vatnajökuls. Arngrímur ætlar að pakka litlu fyrir ferðina; verður með svefnpoka á bögglaberanum og kaffibrúsa og smurt nesti í bakpoka. Hann gefur puttaferðalöngum líklega ekki far, allavega ekki lengri leiðir, enda hægir vespan á sér ef tvímennt er á henni. Á leiðinni austur á Arngrímur von á því að upplifa þjóðveginn og landslagið í meiri nálægð en bílafólkið sem tekur fram úr honum en sjálfur tekur hann fram úr hjólatúristum.

Vespur eru greinilega ekki eingöngu borgarhjól. „Ég hef farið út um allt á minni vespu. Kem henni upp í níutíu og held löglegum hraða. Í brekkum kemst hún hraðar ef ég er búinn að borða lítið, þá kem ég henni upp í hundrað.“ kímir Arngrímur vespu sinni til hróss og talar í hana kjark:

„Það eru aðeins torfærur þarna inn í Lón en á illfærum vegum fer ég rólega yfir, svona á þrjátíu,“ segir Arngrímur, sem þarf ekki að hafa áhyggjur af miklum bensínkostnaði. „Ég hef ekki reiknað út hverju vespan eyðir á hundraðið. En ég veit að ég þarf ekki nema 600 krónur á viku til að komast í og úr vinnu á hverjum degi og ég býst við að bensínkostnaður í ferðinni austur verði undir 2.500 krónum,“ segir Arngrímur ánægður með lífið.

*nielsg@365.is*


Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex
ÚTSALA
MIKIÐ ÚRVAL AF FLOTTUM FATNAÐI
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
KÍKTU ÞAÐ BORGAR SIG
Opnunartími:
mánud. - föstud. kl. 11:00 - 18:00 lokað á laugardögum
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?
Þarft þú að láta skoða bílinn þinn? Á meðan skoðunin fer fram getur þú látið fara vel um þig í biðstofunni, fengið þér kaffisopa og gluggað í blöðin eða tímarit.
Við hvetjum þig til að koma tímanlega með bílinn í skoðun
Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 16 ár
Aðalskoðun
Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930
Hafnarfjörður Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900
Kópavogur Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935
Reykjanesbær Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970
Opið kl. 8–17
www.adalskodun.is
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-0157



**Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar** standa fyrir kvöldgöngu á fimmtudag þar sem menningarlífið í miðborginni verður kynnt á spænsku, ensku, pólsku, taílensku og litháísku. Lagt verður af stað frá Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, klukkan 20 og endað í Listasafni Reykjavíkur.













Halldóra með Eyjafjallajökul í baksýn þar sem enn sjást gufubólstrar stíga upp frá eldgígnum. MYND/SIGURPÁLL INGIBERGSSON


Nafnlaus slæðufoss í fossaröðinni meðfram nýstikuðu leiðinni.


Göngufólk við nýja fjallið Magna.

# Á Magna við sólarupprás

**Eftir að hafa horft á magnað gos á Fimmvörðuhálsi í kulda og roki fyrir rúmu ári var það ljúf upplifun fyrir Halldóru Ingibergsdóttur gjaldkera að ganga á eldfjöllin nú á lognværri og bjartri Jónsmessunótt.**

„Við fórum frá Skógum um nýstikaða gönguleið meðfram vestari kvísl Skógár. Þar varð hver glæsifossinn eftir annan á vegi okkar og mikil náttúrufegurð. Ég tel þetta vera leið sem allir með áhuga á gönguferðum ættu að setja í forgang,“ segir Halldóra Ingibergsdóttir um nýlega Jónsmessugöngu um Fimmvörðuháls sem hún fór með Útivist.

Halldóra er mikil göngukona og er einmitt að leggja á Laugaveginn þegar þessar línur birtast. Hún kveðst hafa gengið á Fimmvörðuháls bæði frá Skógum og Þórsmörk til að skoða gosið í fyrravor en nú í fyrsta sinn farið yfir Heljarkamb. „Það var auðvitað stórbrotið að vera þarna í kulda og roki með gosið í fullum gangi en upplifunin var enn meiri núna. Nú sá ég allt í nýju ljósi og eldfjöllin Magna og Móða í fyrsta sinn. Það var magnað að standa á Magna við sólarupprás í heiðríkju og yndislegu veðri og horfa yfir á Móða.“


Við Innri Fellsfoss í Skógá.

Enn rýkur úr eldgígum og opin sprunga er á svæðinu niður á glóandi hraun að sögn Halldóru. Eins er mikil aska á gönguleiðinni, sérstaklega á sjálfum hálsinum. „En við vorum nánast í logni og nýlega hafði rignt, þannig að aðstæður voru eins góðar og þær geta orðið,“ lýsir hún.

Halldóra segir hópinn hafa komið niður í Bása á níunda tímanum að morgni eftir hálfs sólarhrings göngu. „Við vorum ekkert að flýta okkur,“ segir hún. „Stoppuðum oft til að taka myndir og svo var Útivist alltaf að bjóða upp á hressingu öðru hverju og í skálanum á Fimmvörðuhálsi var ilmandi kjötsúpa á boðstólum. Þetta var mikil stemningsferð og vel að henni staðið á allan hátt.“

*gun@frettabladid.is*










# BÍLAR & FARATÆKI

Bílahöllin hf Bílasala Bíldshöfða 5
www.bilahollin.is



Nissan Qashqai LE Diesel, 12/2007 Ekinn 87þús. Ssk, Álfelgur, Dráttarkrókur ofl. Ásett Verð 3.550.000.- Ath. Skipti ódýrari



Nissan X-Trail Elegance 2.0, 02/2006 Ekinn 93þús. Ssk, Leður, Sóllúga, Dráttarkrókur, ofl. Fallegur bíll. Ásett Verð 2.490.000.-




VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390



Subaru Forester 2.0 LUX, 07/2008 Ekinn 49þús. Ssk, Leður, Dráttarkrókur ofl. Ásett Verð 3.690.000.- Möguleiki á allt að 90% láni



Nissan Patrol Elegance 3.0 Turbo Diesel, 07/2004 Ekinn 122þús. Ssk, Leður, Dráttarkrókur, 7manna, 35" breyttur, Ásett Verð 3.390.000.-

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

bilfang.is S.567 2000



38" DIESEL! MMC L200 11/2007 ek 63 þ.km full breyttur á 38" er á staðnum fullt af myndum og nánari lysing á bilfang.is sjá raðnr 170162 á að seljast verð aðeins 3680 þús !!!



SSang Yong KYRON Diesel 11/2007 ek 63 þ.km flottur luxus jeppi með leðri , lúgu og fleira, sjálfskiptur Diesel verð 4190 þús

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Dodge Cargo VAN 3500 Húsbíll. 1996 ek. 123 þús mílur. Sólarsella. 4 stólar. Svefnpláss fyrir 4. Cruise Control. Vel með farinn og öryðgaður bíll. Þjónustubók. Fluttir inn 2007, ekinn 117 þús mílur á malbiki erlendis. Verð 1.990 þús. Tilboð 1.790 þús. Mikið úrval af ferðavögnum til sölu. Vaktað útisvæði með öryggismyndavélum. Vantar ferðavagna á staðinn. Mikið útipláss.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

STÓRA BÍLASALAN



BMW 318i Árgerð 11/2004, ekinn 95þ.km, ssk, leður. Flottur bíll sem er á staðnum! TILBOÐ 1.700.000kr! Skiptiverð 1.950.000kr! Raðnúmer 131080. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



CADILLAC Escalade 4 dr 4wd. ekinn 72 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. 8 MANNA Tilboðsverð 2.320. þús Rnr.127697.



MAZDA 3 turbo. GLÆSILEGT EINTAK , ekinn 58 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Tilboðsverð 2.490. þús Rnr.129314.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

100bilar.is bílasala
Vantar á skrá!!




HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Mikið af vögnum á staðnum, Sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00,**
**Lokað á laugardögum.**
**www.100bilar.is**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



YAMAHA Cygnus 125. Árgerð 2007, ekinn 2 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskipt. Verð 490.000. frábært í borgina. Rnr.203281.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

## Bílar til sölu

Subaru Leg. St. GL. Árg. '97 ek. 200 þús. km. Ljósgrænn. Ný tímareim. V. 390 þús. S. 777 5066.




50% ódýrara eldsneyti. Einföld metan breyting á bílnum. Engin útborgun. Greiðist að fullu með rekstrarsparnaði og þú átt fullt af peningum afgangs! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000.



Opel Vectra árg. '00, 2000 vél, sjálfsk. ek. 186þ.km, nýleg tímareim, ný heddpakning. Góð dekk, sk. 2012, góður bíll. Verð 375.000 stgr. S. 893 5201.



Renault Megane Scenic '97 til sölu, í góðu standi. Eyðir litlu. Verð 220 þús. Uppl í s. 899 9590



**BMW 730, diesel.**

BMW '06 til sölu, ek. 80 þús. Fallegur og góður bíll. Ásett v. 7.8 millj. Ath. skipti á ódýrari, jeppa 4-5 millj. Skoða allt. Uppl. í s. 690 1074, Jón.



**Ódýr, góður nýsk.**

Renault Megane Senic árg. '00, ek. 190þ. 5g. Bíll í mjög góðu ástandi.V. 260þ. S. 844 6609.



Chevrolet Silverado 2500 '05. 79þ. km. Bensín. v. 2,9m. TILBOÐ 1.950þ. s.698 6021.

## 250-499 þús.



Til sölu VW Golf IV 98'; NY SKODUN 09/2012; 1,6 bensin; beinsk; ek.175. Í góðu lagi. 360,000 ISK; 8471514

## 500-999 þús.



38" jeep cheerokee . sjálfskiptur .rafmagn samlæsingar .gps.talstöð. cd.beysli fr+aftan.toppgræja.verð tilboð.s 770 2175

## 1-2 milljónir

Suzuki Grand Vitara ljósgrár árg. '06 ekinn 106þús skoðaður 2012 á 1.850þús Tilboð og upplýsingar í síma 869 7379.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST. Corolla, Yaris, Avensis, Micra, Almera, Golf, Polo, Focus, Peugeot 206 eða Lancer**

Árg. 1998-2003 fyrir 100-300 þúsund. Helst í góðu lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. í síma 772-5450.

**Bíll óskast á 25-250þús.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Til sölu




Farangurspoki 270 lítra
Aðeins kr. 27.900



Hjólagrindur í úrvali
Verð frá kr. 5.490



Framlengdir speglar
Verð frá kr. 3.990



Farangursbox 450 lítra
Aðeins kr. 64.900



Sætaáklæði í úrvali
Verð frá kr. 3.990



Kælibox 12V/220V 25L.
Aðeins kr. 19.990



**Opnunartími verslunar:**
Opið virka daga frá kl. 08-18.
Vagnhöfði 23 - **S: 590 2000**
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

dvelja hér yfirleitt skemur en þeir sem koma að sumri og eru oft í leit að sérhæfðari afþreyingu. Því er ekki talið nóg að auglýsa áfangastaðinn einan og sér heldur þurfi viðburði og afþreyingu að auki.

„Við bjóðum upp á mjög breiða línu afþreyingar og ferða. Við erum mikið í hellaferðum og norðurljósaferðum og svo leitum við uppi heitar baðlaugar. Þá erum við með jeppaferðir upp á hálendið og vélsleðaferðir,“ segir Björn Hróarsson, framkvæmdastjóri Extreme Iceland, um afþreyingu fyrir vetrarferðamenn og bætir við: „Við verðum vör við mikinn áhuga. Það eru alltaf nokkur hundruð manns á landinu á veturna og þegar mest lætur jafnvel einhver þúsund. Þetta er vissulega þungur róður en þeir sem hér eru sýna okkar þjónustu mikinn áhuga. Flestallir eru gríðarlega ánægðir með það sem við höfum upp á að bjóða. Það vantar ekki, þeir eru bara ekki nægilega margir.“

## FJÖLDI FERÐAMANNA EFTIR MÁNUÐUM




### ÝMIS TÆKIFÆRI TIL STAÐAR

Meðal sóknarfæra sem bent hefur verið á þegar kemur að vetrarferðamennsku er að markaðssetja Ísland betur í Asíu en ferðamynstur Asíubúa er ekki jafn árstíðabundið og ferðamynstur evrópskra og bandarískra gesta hér á landi. Til að mynda eru janúar og febrúar vinsælir heimsóknarmánuðir hjá japönskum ferðamönnum. Það takmarkar hins vegar fjölda asískra ferðamanna að ekki er boðið upp á beint flug milli Asíu og Íslands en margir ferðamenn leggja mikið upp úr því.

Þá hefur gefið góða raun að koma á fót viðburðum sem höfða til sértæks en þó stórs hóps ferðamanna en Iceland Airwaves er sennilega best heppnaða viðleitnin í þá átt enn sem komið er.

„Við höfum unnið að því markvisst í samvinnu við aðra að komið verði upp frekari afþreyingu og aðdráttarafli við gullna hringinn. Við komum að uppbyggingu Laugarvatn Fontana baðstaðarins. Annað dæmi eru hestadagar í Reykjavík sem er viðburður sem fellur að áhuga sértæks markhóps sem er engu að síður mjög stór í Evrópu,“ segir Hildur Ómarsdóttir. Þá bendir hún á að tækifæri séu til staðar til að auka hér fjölda ferðamannahópa á vegum fyrirtækja en slíkir hópar verji yfirleitt miklum fjármunum í heimsóknum sínum.

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri, talar á svipuðum nótum. Hægt sé að stækka ráðstefnu- og hvataferðamarkaðinn, sem á sér einkum og sér í lagi stað utan háannar, og halda áfram að byggja upp heilsuferðaþjónustu sem hefur gefist vel. Þá telur Ólöf enn vera mörg tækifæri til staðar til að markaðssetja vetrarævintýraferðir. Loks hrósar hún nýrri ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar en þar eru meðal annars settar fram áætlanir um aukna markaðssetningu borgarinnar sem ferðamannastaðar og stækkun viðburðadagatals hennar.

Þá er talið nauðsynlegt að auka markaðssetningu á Íslandi sem ferðamöguleika yfir vetrartímann auk þess sem margir telja að aukið sætaframboð í flugferðum hingað til lands myndi jafnframt auka fjölda ferðamanna. Það gæti hins vegar reynst flugfélögunum dýrt fyrst um sinn. Nokkur hluti þeirra sem hingað hafa komið síðustu vetra hefur nýtt sér tilboð á flugferðum og reynslan er að með auknu sætaframboði koma fleiri ferðamenn.

„Það er alveg ljóst að það eru gríðarlega miklir möguleikar til staðar. Það hefur líka margt áunnist en ef við ætlum að rífa af alvöru upp heilsársþjónustuna þá þarf sennilega að leggja það á sig um tíma að bjóða upp á mun meiri þjónustu en áður þrátt fyrir að það skapi kannski ekki mikinn hagnað fyrst um sinn,“ segir Friðrik Pálsson.

### MARKAÐSÁTAK Í VÆNDUM

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna nýsamþykktra kjarasamninga er kveðið á um að næstu þrjú árin verði árlega varið 300 milljónum króna í markaðs- og þróunarátak til að fjölga hér ferðamönnum yfir vetrartímann. Stefnt er að fjölgun þeirra um 50 þúsund en þannig er talið að það megi skapa í það minnsta eitt þúsund störf. Þá er gert ráð fyrir að sama fjárhæð komi til verkefnisins frá sveitarfélögum og einkaaðilum. Í nýrri ferðamálaáætlun fyrir árin 2011 til 2020 eru einnig sett fram markmið um markaðssetningu erlendis og uppbyggingu og þróun innanlands með það fyrir augum að fjölga vetrarferðamönnum.

Ólöf Ýrr Atladóttir segir að í anda ferðamálaáætlunarinnar sé margt í bígerð. „Nýju glæsilegu ráðstefnuhúsin; Harpa í Reykjavík og Hof á Akureyri munu hjálpa okkur við að laða hingað að ráðstefnu- og hvataferðamenn. Í heilsuferðaþjónustunni var til að mynda verið að opna glæsilega heilsulind í nýuppgerðu Hótel Loftleiðum. Auk þess má nefna Laugarvatn Fontana heilsulaugarnar, jarðböðin á Mývatni og margt fleira,“ segir Ólöf Ýrr og bætir við: „Það er þó auðvitað margt sem enn er eftir. Það þarf að þétta viðburðadagskrá, það þarf að tryggja að fyrirtæki, söfn og annað slíkt geti tekið á móti gestum bæði rétt utan háannar en líka á veturna og það þarf byggja upp fjölbreyttari afþreyingu í gegnum vöruþróun og nýsköpun. Ég myndi hins vegar ekki kalla þetta hindranir, þetta eru miklu frekar viðfangsefni. Það er verk að vinna en það er ekkert til að missa móðinn yfir. Sóknarfærin eru nefnilega mýmörg.”

## ÍSGÖNG Í LANGJÖKLI

Meðal verkefna sem unnið er að hér á landi til að auka aðdráttarafl landsins með tilliti til vetrarferðamennsku er gerð ísganga og hella í Langjökli. Icelandair Group í samstarfi við verkfræðistofuna Efla standa að verkefninu en það er enn á hugmyndastigi. Stefnt er að því að grafa rannsóknargöng um 150 til 200 metra inn í ísinn með það fyrir augum að skera úr um hvort verkefnið sé raunhæft. Í kynningarskjali um það segir að það falli vel að þeim áherslum sem hafi verið innan ferðaþjónustunnar um aukningu ferðalaga til Íslands á veturna.



## BJÖRN HRÓARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI



„Það eru gríðarleg tækifæri í þessu fyrir þjóðarbúið. Við getum tekið við miklu meiri fjölda á veturna. Við höfum gistirýmin og þjónustuna. Þannig að með því að fá hingað fleiri ferðamenn á veturna getum við aflað mikils gjaldeyris og skapað fjölda starfa, það er ekki spurning,“ segir Björn Hróarsson, framkvæmdastjóri Extreme Iceland.

## HILDUR ÓMARSDÓTTIR, MARKAÐSSTJÓRI



„Það mikilvægasta er að markaðssetja Ísland erlendis af meiri krafti en áður, allan ársins hring. Það er ekki hægt að efla ferðaþjónustuna með því að skattleggja hana, það getur valdið miklum skaða,“ segir Hildur Ómarsdóttir, markaðsstjóri Icelandair Hotels.

## FRIÐRIK PÁLSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI



„Það á auðvitað að byggja vetrarferðamennskuna upp á sömu grundvallaratriðum og alla aðra þjónustu. Að selja það sem þú getur verið stoltur af og veist að þú ert að gera vel. Þá koma viðskiptavinirnir,“ segir Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri Hótels Rangár og stjórnarformaður Íslandsstofu.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-1211




Þarft þú að geyma, pakka og senda?

**Vöruhýsing Póstsins** er lausnin fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í netverslun, heildsölu, smásölu, inn- og útflutningi.

Láttu okkur um lagerhald, vörumóttöku og afgreiðslu pantana og einbeittu þér að sölunni.

- **Lagerhald**
- **Vörumóttaka**
- **Afgreiðsla pantana**
- **Tollskýrslugerð**

Kynntu þér **Vöruhýsingu** Póstsins á postur.is

PÓSTURINN

# Að selja hugmyndir

SPROTAR



Ingvar Hjálmarsson
tölvunarfræðingur

Kraftmiklir frumkvöðlar lenda oft í þeirri aðstöðu að þeir fá hugmyndir að verkefnum, vörum eða þjónustu sem þeir geta ekki, einhverra hluta vegna, fylgt eftir sjálfir. Í stað þess að láta þessar hugmyndir falla í gleymsku er ávallt möguleiki að pakka hugmyndinni þannig inn að einhver sjái færi í því að kaupa hana af hugmyndasmiðnum og útfæra hugmyndina sjálfur. Oft á tíðum eru einkaleyfi seld dýrum dómum eða fyrirtækjum seld leyfi til að nýta sér hugmyndir annarra. Þessi grein fjallar um nokkur atriði sem gott er að hafa í huga ef þú vilt selja hugmyndina þína.

**1. PAKKAÐU INN HUGMYNDINNI**

Þetta mikilvæga skref snýst um að pakka hugmyndinni inn þannig að aðrir geti skilið út á hvað hún gengur. Vel innpökkuð hugmynd lýsir því vel hvernig hún nýtist endanotanda ásamt því að sýna fram á mögulega nýtingu fyrir þann sem myndi kaupa af þér hugmyndina. Þó hugmynd þín snúist hugsanlega um ákveðna vöru eða þjónustu þá er verkefni þitt að selja viðskiptahugmynd, þ.e. sá sem ætlar að kaupa af þér hugmynd þarf að sjá fram á hvernig hægt er að fá fjárfestinguna til baka. Þetta þýðir að þó þú ætlir þér ekki að útfæra hugmynd þína, þá þarftu engu að síður að útbúa viðskiptaáætlun sem nýtist þér við söluna á hugmyndinni. Kaupandinn getur notað hana til að sjá betur fyrir sér möguleikana sem í hugmyndinni búa. Þetta skref krefst þess líka að þú hafir grun um hvaða verð þú vilt fá fyrir hugmyndina. Verðið ræðst af mörgum þáttum, s.s. mögulegum fjárhagslegum ávinningi kaupandans, hvort varan sé með einkaleyfi, hveru auðvelt er að gera sambærilega vöru og ýmislegt fleira. Þú þarft að hafa hugmynd um verðið sem þú vilt fá ef þú vilt selja hugmyndina.

**2. HUGSAÐU UM VARNIR**

Áður en þú selur hugmyndina þína þarftu að hugsa um hvernig þú ferð að því að vernda hana fyrir stuldi. Ef hugmynd er góð gætu margir séð sér hag í að nýta hana – án þess að hugmyndasmiðurinn fái nokkuð fyrir sinn snúð. Til eru nokkrar leiðir til að vernda hugmyndir.

Afar algengt er að hugmyndasmiður og hugsanlegur kaupandi undirriti svokallaðan leyndarsamning. Á ensku kallast þetta „Non-disclocure Agreement“ eða NDA. Í þessum samningi er tekið á því hvaða upplýsingar eru látnar af hendi, hvaða leyfi er gefið til að nýta þær og hvernig viðtakandinn skal fara með upplýsingarnar sem hann fær í hendur. Ef þú hefur ekki gert slíka samninga áður má víða fá ráðgjöf um slíka samninga, s.s. hjá Impru.

Mjög þekkt leið til verndunar á hugmynd eru einkaleyfi. Einkaleyfi veita ákveðna vörn gegn því að aðrir geti nýtt sér hugmyndina þína. Oft setja kaupendur að hugmyndum skilyrði um að vara sé einkaleyfishæf, eða jafnvel að hugmyndin sé komin með einkaleyfi. Þetta er þó alls ekki alltaf raunin. Einkaleyfisferlið kostar peninga og getur verið dýrt ef ekki er rétt að því staðið. Hægt er að fá ráðgjöf um einkaleyfisferlið hjá sérstökum fyrirtækjum á Íslandi og hjá Impru.

Einnig eru til fleiri leiðir til að vernda hugmyndina þína, s.s. skráning vörumerkja, höfundarréttur og hönnunarvernd. Leitaðu aðstoðar hjá sérfróðum aðilum til að athuga hvaða vernd á best við þína hugmynd.

**3. SÖLUFERLIÐ SJÁLFT**

Að selja hugmynd er eins og hvert annað söluferli. Þú þarft að vinna mikla undirbúningsvinnu áður en þú reynir að hitta mögulega kaupendur.

a) Gerðu góða rannsókn á því hverjir gætu notað hugmynd þína. Þú þarft að skilja þann markað vel svo að þú getir áttað þig á því hvaða fyrirtæki eru með best aðgengi að þeim markhópi.

b) Skoðaðu gaumgæfilega hvaða fyrirtæki það eru sem nálgast þann markhóp. Þú skalt læra allt um þessi fyrirtæki því þú þarft að skilja vel hvernig hugmyndin þín getur hjálpað þessum fyrirtækjum að þjónusta sinn markhóp betur. Mundu að þú ert að selja þeim viðskiptahugmynd líka. Þarna koma þættir inn eins og sölunetið sem fyrirtækin hafa, möguleikarnir sem þau hafa til að klára útfærsluna á vörunni þinni, þeirra núverandi vöruframboð og margt fleira.

c) Reyndu að komast að því hverjir innan fyrirtækisins væru líklegir til að hlusta á þig fyrst. Þú þarft alls ekki að byrja á forstjóranum þó svo að á seinni stigum sé nauðsynlegt að komast að þeim sem taka ákvarðanirnar. Þú skalt reyna að finna einhverja sem gætu séð möguleikana og þannig orðið bandamenn þínir innan fyrirtækisins sem á að kaupa hugmyndina.

d) Skrifaðu hjá þér lýsingu á hugmyndinni sem lýsir henni samt mjög lauslega. Talaðu meira um möguleikana sem hugmyndin opnar í stað þess að lýsa henni í þaula. Mundu að í fyrsta samtali við mögulega kaupendur er ekki búið að skrifa undir leyndarsamning. Ef þú ert kominn með einkaleyfi á hugmyndinni þá er mjög gott að nefna það strax í fyrsta samtali.

e) Næst skaltu reyna að hafa samband við rétta aðila innan fyrirtækisins sem á að kaupa hugmyndina og lýsa hugmyndinni eins og talað er um í skrefinu hér að ofan.

f) Sýni væntanlegur kaupandi áhuga skaltu reyna að fá undirritað leyndarskjal sem verndar hugmynd þína ef þú ert ekki með einkaleyfi á henni.

g) Eftir þetta geturðu lýst hugmyndinni betur og reynt að fá aðgengi að þeim sem taka ákvarðanir í fyrirtækjunum. Takist það geta samningaviðræður hafist.

Þó svo að hugmyndaríkir einstaklingar ætli sér ekki að klára útfærslu á hugmynd sinni þá krefst það töluverðrar vinnu að selja hugmynd sína áfram. Með réttum vinnubrögðum og öllum þeim möguleikum, sem eru í boði fyrir ráðgjöf af þessu tagi, áttu góða möguleika á að koma hugmynd þinni í söluhæft form. Þú þarft að vernda hugmynd þína vel áður en þú leggur af stað og kaupandinn þarf að fá raunveruleg verðmæti úr hugmyndinni þinni ef hann á að kaupa hana.

**GREINARÖÐ UM NÝSKÖPUN**

Markaðurinn birtir röð greina um mikilvæg atriði fyrir sprotafyrirtæki. Ingvar Hjálmarsson hefur tíu ára reynslu úr heimi margs konar fyrirtækja, bæði sprota og stærri fyrirtækjum. Þar hefur hann unnið að rekstri, vöruþróun, vörustýringu, sölu- og markaðsmálum og fleiri þáttum. Hægt er að senda höfundi línu á ingvarh@gmail.com

GAMLA MYNDIN




**SJÁÐU PLÖTURNAR** Kristín Þorsteinsdóttir sýnir 45 snúninga plötur með stjörnum tónlistarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Dægurflugur fortíðar

Unglingamenningin var í mikilli uppsveiflu í lok sjötta áratugarins og í byrjun þess sjöunda þar sem stjörnur dægurtónlistarinnar vestanhafs voru einnig fyrirmyndir íslenskra ungmenna.

Á þessari mynd, sem var tekin sumarið 1962 í hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur í Vesturveri við Aðalstræti, sýnir afgreiðslustúlkan Kristín Þorsteinsdóttir ljósmyndara nokkrar vinsælar 45 snúninga plötur með stjörnum eins og Connie Francis og Chubby Checker.

Connie Francis var um árabil einhver dáðasta söngstjarna heims og söng meðal annars slagarana ódauðlegu Lipstick on Your Collar og Stupid Cupid. Checker var svo maðurinn sem kom Tvistinu á kortið með ofursmellinum The Twist, sem ennþá heyrist reglulega.

Íslenskir tónlistarunnendur tóku bylgju dægurtónlistar þessa tíma fagnandi og urðu í fyrsta sinn mikilvægur neytendahópur þar sem þeir festu kaup á plötum og klæðnaði í takt við nýjustu tísku. - þj

# Möndlur, hnetur og eik í lokin

Í GLASI MEÐ ÓLA KRISTJÁNI






The Glenlivet er eitt vinsælasta maltviskí í heimi og eitt það sögufrægasta. Viskíið er til dæmis mest selda maltviskíið í Bandaríkjunum. Einhver kynni að draga þá ályktun að slík framleiðsla gerði að einhvert miðjumoð væri á veigunum. Svo er ekki.

Þannig er til dæmis 15 ára gamalt Glenlivet-maltviskí sem látið hefur verið eldast í frönskum eikartunnum (French Oak Reserve) með þeim fínni sem völ er á í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Michael Jackson gefur viskíinu 86 í einkunn af 100 mögulegum í nýjustu útgáfu bókar hans Michael Jackson's Malt Whisky Companion, sem út kom í fyrra.

Glenlivet er Speyside-hálandaviskí framleitt við litla á sem nefnist Livet. Áin er sögufræg uppspretta vatns fyrir fjölda bruggara á svæðinu, auk þess að vera notuð til kælingar. Í bók Jackson's er frá því greint að á svæðinu áður hafi verið hömlur á viskíframleiðslu á svæðinu og mátti bara búa til viskí á heimamarkað. Afskekkt brugghúsið var þá frægt fyrir framleiðslu sem send var til útlanda fram hjá lögum og reglu og gerði að verkum að þegar framleiðslan var gefin frjáls, árið 1824, var töluverð eftirspurn eftir veigunum „frá Glenlivet“ hjá kaupmönnum í Englandi.

Þetta gerði líka að allmargir framleiðendur í Speyside héraði tóku upp nafnið Glenlivet, þótt þeir væru margir verulega fjarri ánni Livet. Á því var hins vegar tekið og aðeins einn framleiðandi má nota nafnið, en það var sá sem fyrstur varð til að fá framleiðsluleyfi í byrjun nítjándu aldar. Einkarétturinn á heitinu fékkst árið 1880. Enn þann dag í dag eru flöskurnar merktar feðgunum George og J.G. Smith í smáu letri neðst á merkimiða þeirra, en þeir stofnuðu og áttu brugghúsið.

Viskíunnendur vita að í Glenlivet geta þeir gengið að ljúfum sopa, tiltölulega léttum en bragðríkum þótt ekki fari mikið fyrir móreyk. 15 ára viskíið sem hér er til umfjöllunar er svo óvenju margslungið í samsetningu sinni. Lyktin af því er mikil og sæt, og má greina í henni bæði hunang og vanillu, auk karamellukeims. Þegar í munninn er komið bætist svo við hnetukeimur með léttum biturleika og eikarbragði sem hver getur leikið sér að við að greina eftir því sem eftirbragðið leikur á tungunni.

15 ára Glenlivet er einstaklega vel heppnuð lögun og í góðu jafnvægi sem líklegt er til að gleðja jafnt viskísérfræðinga sem -áhugafólk með ljúfum og margslungnum eftirkeim sínum.

# Hægur vöxtur tryggir gæðin

„Við höfum í mörg ár barist fyrir því að koma fiskinum á lífrænan markað en vantað vottun,“ segir Birgir Þórisson, rekstrarstjóri Klausturbleikju á Kirkjubæjarklaustri. Hann segir þetta mikilvægt skref, fyrir löngu sé búið að sanna að eftirspurn sé eftir lífrænt ræktuðum matvælum og viðskiptavinir setji ekki hærra verð fyrir sig. Fyrirtækið selur eldisbleikju, mest flakaða en líka grafna og reykta. Í bígerð er að setja á markað nýjar afurðir.

Birgir var á meðal stofnenda Klausturbleikju árið 1993 og hefur markmið fyrirtækisins frá upphafi verið að ala upp bleikju í lindarvatni sem rennur undan hrauninu á Kirkjubæjarklaustri að eldisstöðinni. Eldið er eins lífrænt og framast verður unnt. Þröskuldurinn er fóðrið, sem ekki er lífrænt.

Birgir bendir á að lífrænt eldi sé óhagkvæmara og hægara en hefðbundið eldi þar sem áhersla er lögð á að fita og stækka eldisfiska á sem stystum tíma. Sýnt hefur verið fram á að




hægari vöxtur lengir geymsluþol fisksins auk þess sem hann þránar síður.

Saga Klausturbleikju hefur ekki verið eintóm hamingja. Eigendurnir höfðu nýverið tekið lán í erlendri mynt til að stækka vinnsluhús þegar gengi krónunnar hrundi og drápust um átta hundruð kíló af fiski þegar aska úr Grímsvatnagosinu komst í kerin. Hjá fyrirtækinu eru ársverkin þrjú til fjögur og stendur til að fjölga þeim.

Birgir segir viðskiptavinum fyrirtækisins líka náttúrulegt eldi bleikjunnar enda hafi fyrirtækið aldrei náð að sinna eftirspurn. „Við höfum aldrei átt nóg af fiski og þurft að neita kaupendum,“ segir hann. - jab



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir



# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA



**NIKE AIR ALTO+**
Stöðugir hlaupaskór með loft-púðum undir tábergi og hæl.
Dömu- og herrastærðir.

(fullt verð 19.990)

# 12.990



Footbalance

## NÝTT!
Í INTERSPORT LINDUM

10.990

**FOOTBALANCE** Par af innleggjum.

## FRÍ GÖNGUGREINING!
### SÉRÚTBÚIN INNLEGG FYRIR ÞÍNA FÆTUR!

Engir fætur eru eins. Þess vegna býður Intersport upp á fría göngugreiningu til að sjá hvernig fætur þínir eru uppbyggðir. Út frá greiningunni getum við búið til innlegg sem leiðrétta fótastöðuna, auka þægindi og bæta árangur þinn um leið. Það tekur aðeins 10 mínútur að búa til hvert par af innleggjum. Talaðu við afgreiðslumann í skódeildinni.

23.990



**NIKE AIR PEGASUS+ 27**
Hlaupaskór með loftpúðum undir tábergi og hæl. Herrastærðir.

9.990



**NIKE DART 8**
Hlaupaskór. Herrastærðir.

14.990

(fullt verð 21.990)



**NIKE LUNARFLY+ 2**
Léttir og þægilegir hlaupaskór byggðir á hinni nýju Lunar-tækni, sem tekur högg og álag af fætinum þegar stigið er niður. Herrastærðir.

14.990

(fullt verð 21.990)



**NIKE WMNS LUNARFLY+ 2**
Léttir og þægilegir hlaupaskór byggðir á hinni nýju Lunar-tækni, sem tekur högg og álag af fætinum þegar stigið er niður. Dömustærðir.

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

EXPO • www.expo.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**228** punktar er skuldatryggingaálag ríkisins.

**24%** raungengi íslensku krónunnar er nú 24% undir meðaltali áranna 1980 til 2010.

**739** fjöldi skemmtiferðaskipa sem hafa heimsótt Reykjavík frá árinu 2000.

**BANKAHÓLFIÐ**

## Rifist yfir tómötum

DV greindi frá því í vikunni að þeir Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka, og pistla- og bókahöfundurinn Ólafur Arnarson hefðu tekið netta rimmu um bankamál við grænmetisborðið í Nóatúni á laugardag. Deiluefnið var nokkurra vikna gamall pistill Ólafs þar sem hann hélt því fram að nýju bankarnir væru innheimtustofnanir fyrir þá vogunarsjóði sem fyrirferðarmiklir eru í hópi kröfuhafa föllnu bankanna. Kröfuhafar eiga 95 prósent hlut í Íslandsbanka og eru bandarískir vogunarsjóðir stór hluti þeirra.



## Ferskur staður

Ekki liggur fyrir í hvaða verslun Nóatúns rimma þeirra Friðriks og Ólafs átti sér stað. Raunar er engu líkara en að Nóatún í Austurveri við Háaleitisbraut sé orðið að vin í eyðimörkinni fyrir forkólfa í viðskiptalífinu. Á góðu laugardagseftirmiðdegi má þar sjá hjónin Kristin Björnsson, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og Sólveigu Pétursdóttur, fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og forseta Alþingis, og Rakel Sveinsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra Creditinfo á Íslandi. Þá hefur þar brugðið fyrir þeim Páli Harðarsyni, forstjóra Kauphallarinnar, Lárusi Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, og Steinunni Guðbjartsdóttur, formanni skilanefndar hins fallna banka. Ekki hefur sést til þeirra Lárusar og Steinunnar karpa yfir kálinu í grænmetisborðinu en slitastjórnin stefndi Lárusi og fleirum í maí í fyrra fyrir meint fjársvik og krafðist 258 milljarða króna í bætur.



## Nýr tónn

Fjölmiðlamaðurinn Kristinn Jón Arnarson tók við starfi sem ritstjóri vefs Vodafone um síðustu mánaðamót. Hann var áður hjá AP almannatengslum. Kveða mun við nýjan tón hjá Vodafone, en í bígerð er að hanna vefinn upp á nýtt og gera hann aðgengilegri fyrir notendur. Kristinn Jón er ekki ókunnur nýju efni. Hann er bassaleikari hljómsveitarinnar Stolið, sem gaf út plötu fyrir ellefu árum. Hljómsveitin hefur legið í dvala en tók upp þráðinn fyrir ári og hefur verið að æfa nýtt efni.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR ... AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001–2011
Allt sem þú þarft

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



ÚTSALA, ÚTSALA!! 15-70% afsláttur. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

**7 rósir 990 kr.**
**Dalia**
**BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ**
**S. 568 9120**

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Kínverskur læknir/nuddari í Hamraborg 20A. Nálastunga sem er gott fyrir heilsuna. Sími 564-6969

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**Vinnuherbergi til leigu 110 RVK**
3. vinnuherbergi í sameiginlegu skifstofuhúsnæði á góðum stað á hálsinum 110 RVK, um er að ræða 3 vinnuherb. með sameiginlegri kaffiaðstöðu og setustofu. Uppl. gefur HALLDÓR S. 899 7230.

Til leigu 4 herb. íbúð í efra Breiðholti Verð 147.000, - á mánuði. Upplýsingar í síma 895 9376 á milli 14 - 16.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**ATH SKIPTI !!!**
Sumarbústaður á Suðurlandi óskast í skiptum fyrir gott sumarhús á Spáni. Upl í síma 861 1751

Par með 10 ára gamalt barn óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu helst á Seltjarnarnesi en 107 kemur einnig til greina. Skilvísar greiðslur, reglusöm, reyklaus. Uppl. S. 860 0262.

Reyklaus og reglusöm kona óskar eftir einstaklings eða 2 herb íb. Helst í Breiðholti uppl: 865 6149.

Óskum eftir 4-5 herb.íb í Hfj. Skilvísum greiðslum og góðri umgengi heitið. Góð meðmæli ef óskar er eftir. Uppl.S:8685349

Óska eftir einstaklins íbúð í Grafarvogi frá 1. ágúst, september eða október fram á næsta vor leigugeta 50 þús á mánuði hef meðmæli ef óskað. Uppl. í síma 772 6658.

## Sumarbústaðir



Glæsilegt heilsárshús til sölu/leigu 11 km. norður af Borgarnesi. Opið hús fimmtud. 7. júlí frá kl. 15. - 19. Uppl: s. 896-0675



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Atvinna

Neptune

**Neptune ehf óskar eftir vélstjórum ofl. starfsfólki**

Neptune ehf. gerir út og rekur tvö rannsóknarskip frá Akureyri, Poseidon EA-303 og Neptune EA-41. Til starfa óskast vélstjórar í fullt starf og afleysingar. Poseidon er 2090 kW og Neptune er 1321 kW. Einnig leitum við að matsveini, háseta með Bridge Watch réttindi sem og hásetum í almenn störf. Enskukunnátta er skilyrði.

Einnig leitum við eftir starfsfólki í stöðu eftirlitsmanns með sjávarspendýrum. Reynsla eða þekking sem að nýtist í starfinu, enskukunnátta, færni í samskiptum og þægilegt viðmót skilyrði.

Umsóknir og beiðni um frekari upplýsingar sendist á netfangið: svanberg.snorrason@neptune.is

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær**

**Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi, undirgöng undir Reykjanesbraut við álverið í Straumsvík.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. júní 2011 að auglýsa skv. 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 fyrir tengingu Reykjanesbrautar og Víkurgötu við Straumsvík ásamt umhverfisskýrslu skv. 7. grein laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. maí 2011 að jafnframt yrði auglýst breyting á deiliskipulagi svæðisins skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Kynningarfundur var haldinn 6. júní 2011 í samræmi við 30. grein sömu laga.

Í breytingartillögunni felst að gatnamót Reykjanesbrautar og Víkurgötu verða lögð undir Reykjanesbraut. Breytingin er gerð til að minnka slysahættu á gatnamótunum. Áhrifin af breytingunni teljast mjög jákvæð, og ekki eru talið að um nein neikvæð áhrif verði að ræða.

Aðalskipulagið, deiliskipulagið og umhverfisskýrsla fyrir báðar tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 8. júlí – 19. ágúst 2011. Hægt er að skoða skipulagstillögurnar og umhverfisskýrsluna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Í samræmi við 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010 er þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta við aðalskipulagið eða deiliskipulagið, og einnig þeim sem hafa athugasemdir við umhverfisskýrsluna, gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði, eða með tölvupósti á netfangið annasofia@hafnarfjordur.is eigi síðar en 19. ágúst 2011. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingarnar teljast samþykkir þeim.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

## Atvinna í boði

Hressingarskálinn óskar eftir þjónum í fulla vinnu, helst með reynslu. Upplýsingar á staðnum, Austurstræti 20

Kofi Tómasar Frænda óskar eftir þjónum í bæði fulla vinnu og hlutastarf. Upplýsingar á staðnum, Laugavegi 2

**Starfsfólk óskast**
Til dreifingar á auglýsingabæklingum í miðborg Rvk. Enskukunnátta nauðsynleg. Föst laun+bónus. Uppl. í s. 869 1526.

Okkur vantar fólk í kvöldstarf. 18 ára og eldri. Íslenskumælandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Uppl gefur Viggó í 553-6688 eða viggo@tmi.is

Atvinna í Vestmannaeyjum Okkur vantar hresst fólk í vinnu við afgreiðslustörf og þjónustu í sal í elsta og helsta Bakaríi Vestmannaeyja. Upplýsingar veitir Bergur 8982466. Vilberg Kökuhús

Starfsfólk óskast til ræstingarstarfa 3x í viku. Uppl. í síma 894 3013 eftir klukkan 16:00 eða á tilraun13@gmail.com

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Grundarstígsreitur**
Tillaga að deiliskipulagi á reit 1.183.3, sem markast af Grundarstíg, Skálholtsstíg, Þingholtsstræti og Spítalastíg. Gert er ráð fyrir að vernda Grundarstíg 10, sem 20. aldar byggingu og lagt til að friða Farsóttarhús að Þingholtsstræti 25. Heildstæð götumynd er við Grundarstíg og verður þeirri mynd ekki raskað. Að Grundarstíg 10 verður gert ráð fyrir að heimild til að byggja viðbyggingu og verður heimilt að reka menningarstarfsemi og kaffihús í húsinu. Að öðru leyti eru aðeins leyfðar óverulegar breytingar á núverandi byggingum með því markmiði að bæta lífsgæði, t.d. með byggingu svala og kvista. Gert verður ráð fyrir almenningsgarði á lóð Farsóttarhússins að Þingholtsstræti 25.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Túngötureitur**
Tillaga að deiliskipulagi á reit 1.137.4, sem markast af Túngötu, Hofsvallagötu, Hávallagötu og Bræðraborgarstíg. Gert er ráð fyrir svæðisbundinni verndun alls reitsins og verndun tveggja húsa, Hávallagötu 30-32 og 34-36, í flokki 20. aldar bygginga. Það er m.a. gert ráð fyrir að vernda upprunalegra veggáferð steinsteyptra húsa, þakkanta og garðveggi. Á lóðinni að Bræðraborgarstíg 31 er gert ráð fyrir verndun timburhúss sem byggt var fyrir 1918 og heimild til að byggja við það. Almenn bílastæði á lóð Bræðraborgarstígs 31 eru felld niður.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Borgartún 35-37**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Borgartúns, reitir 1.217 og 1.219 vegna lóðarinnar nr. 35-37 við Borgartún. Í breytingunni felst í meginatriðum að lóðinni er skipt í tvær lóðir, Borgartún 35 er hækkað og byggingarmagn aukið sem því nemur.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Haukdælabraut 98**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsás vegna lóðarinnar nr. 98 við Haukdælabraut. Í breytingunni felst að húsagerð er breytt úr E-2A (tveggja hæða hús) í Ep-1a (pallað hús).
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 6. júlí 2011 til og með 17. ágúst 2011**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 17. ágúst 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík 6. júlí 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** vefnaðarvara, **9.** farvegur, **11.** umhverfis, **12.** laust bit, **14.** framvegis, **16.** berist til, **17.** þjálfa, **18.** eyrir, **20.** persónufornafn, **21.** slabb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** pot, **4.** peningar, **5.** óðagot, **7.** fáskiptinn, **10.** dorma, **13.** frjó, **15.** kvið, **16.** hryggur, **19.** guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** bt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** krap.
**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** maga, **16.** bak, **19.** ra.


GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

**ÞANGBAKKI 10 – LAUS STRAX.**
**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL 17-19**




Til sölu mjög vel staðsett 69 fm 2ja herbergja íbúð á 7. hæð m/suður- og vestursvölum og útsýni. **Gott verð 15,9 m**
**Bjarni tekur á móti áhugasömum. (bjalla 72) s: 896-5678**
Þóroddur S. Skaptason löggiltur fasteignasali



**Sólbakki 2 - Borgarnesi**
**Til leigu**
*Frábært tækifæri fyrir athafnafólk*







Frábær staðsetning við vegamótin Vestur-Norður.
Mikið auglýsingagildi við ein fjölförnustu gatnamót landsins.
Þjónustu-og verslunarhúsnæði (Áður bílasala Vesturlands)
Húsnæðið er laust strax eða samkv. nánara samkomulagi.
Nánari upplýsingar veitir Guðsteinn Einarsson
í síma 430 5502 / GSM 660 8240 / gudsteinn@kb.is
Borgarland ehf. - Borgfirskt afl - Egilsholti 1 - 310 Borgarnesi



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011


# Góð einkunn ekki málið

BAKÞANKAR
Sifjar Sigmarsdóttur



Bresku kaupkonunni Jenny Paton varð um þegar hún veitti eftirtekt manni sem gægðist inn um stofuglugga heimilis hennar í Dorset þar sem hún sat og púslaði með dætrum sínum. Hana fór að gruna að ekki væri allt með felldu nokkrum dögum síðar þegar ókunnugur bíll veitti henni eftirför er hún ók dætrunum í skólann. Það sem Jenny vissi ekki var að yfirvöld njósnuðu um hana í skjóli hryðjuverkalaga. Hver meintur glæpur Jennyar var hefði hún aldrei getað gert sér í hugarlund.

**EN** að Íslandsströndum: Nýverið var nemendum 10. bekkjar tilkynnt hvar þeir hefðu hlotið framhaldsskólavist. Gremju hefur gætt meðal nemenda, foreldra og skólastjórnenda í kjölfar þess að framhaldsskólum var meinað að hleypa inn nemendum einungis eftir getu heldur skyldu þeir metnir eftir búsetu; 40% plássa skóla eru frátekin fyrir umsækjendur úr hverfinu. Góðar einkunnir eru því ekki lengur málið. Skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, Ingi Ólafsson, hefur greint frá því að hann hafi þurft að taka inn í skólann nemendur úr hverfinu með 6,9 í meðaleinkunn meðan nemendum með allt að 8,75 var vísað frá.

**HVERS** vegna það er farið að þykja feimnismál að fólk komist áfram á verðleikum er óskiljanlegt. Er eðlilegt að hæfileikaríkur nemandi úr Breiðholtinu komist ekki inn í MR en nemandi með lágar einkunnir úr 101 fljúgi sjálfkrafa inn? Vafalítið hefur ásetningur yfirvalda sem komu þessari stefnu á verið góður. Ófyrirséðar afleiðingar hennar geta þó orðið geigvænlegar.

**GLÆPURINN** sem Jenny Paton var gefinn að sök var að ljúga til um heimilisfang sitt. En hvers vegna skyldi hún gera það? Í Bretlandi er grunn- og framhaldsskólastigið bundið hverfaskipulagi. Afleiðingarnar hafa reynst þær að slegist er um húsnæði kringum góða skóla sem er allt að 11% dýrara en meðalhúsnæðið. Það eru því helst efnaðir foreldrar sem hafa tök á að tryggja börnum sínum gott nám. Tekið hefur að bera á því að foreldrar sem ekki hafa efni á slíkum munaði ljúgi til um heimilisfang í skólaumsóknum barna sinna. Til að nappa „svikarana“ hafa hin ýmsu bæjaryfirvöld nýtt sér lagaheimildir um njósnir sem upphaflega áttu að góma hryðjuverkamenn og dópsmyglara.

**HÆTTA** er á sambærilegri þróun hér á landi; húsnæðisverð hækkar kringum góða skóla og góð menntun verður munaður ríkra. Í raun væri það verðugt athugunarefni að skoða hvort íbúðarhúsnæði kringum góða skóla sé ekki nú þegar hærra en annars staðar. Stjórnvöldum kann að þykja hæfni vondur mælikvarði við inngöngu í framhaldsskóla. Efnahagslegir yfirburðir eru þó enn verri.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
TÍU SS VÍNARPYLSUR
579 KR.
SS VÍNARPYLSUR 10 STK. 560 GR. VERÐ: 579 KR. 30 ÞÚS. PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
139 KR. 5 stk
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
NAUTA Veisla
RISA HAMBORGARI
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
100% HREINT KJÖT, ENGU BÆTT Í
10 x 100 GRÖMM 1398 KR.
4 x 175 GRÖMM 998 KR.
139 KR. 4 stk
HAMBORGARABRAUÐ
295 KR. 250g
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g
198 KR. 770g
MYLLU FJÖLKORNABRAUÐ 770g
198 KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐAR KRINGLUR
205 KR. 300g
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA
25% AFSLÁTTUR
1049 KR.KG
GOUDAOSTUR 26%
Maryland
COCONUT & CHOC CHIP
98 KR. 150g
ToffyPops
CRUNCHY CHOCOLATE
98 KR. 120g
395 KR. PK
BÚRFELLS HANGIKJÖTSÁLEGG 143g
LÆGRA VÖRUVERÐ
Í TUTTUGU OG TVÖ ÁR!
1989 BÓNUS 2011
HOMEBLEST
179 KR. 300g
KEX MEÐ MJÓLKURSÚKKULAÐI
598 KR. 3 kassar
PRINSBITAR - ÆÐIBITAR - HRAUNBITAR
FJÓRAR COKE 1.5 LTR.
659 KR.
SAMTALS 6 LTR.
COKE 2 LTR.
195 KR.
ZERO & LIGHT
YUM YUM NÚÐLUR 70G 98 KR.
GOSDÓS 33 CL
69 KR. STK
29 KR. 85g
EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**1007** **DAGA HJÓNABANDI** þeirra Ryans Reynolds og Scarlett Johansson lauk á föstudaginn, en þá gekk skilnaðurinn endanlega í gegn.







# Madonna í hljóðver á ný

**Poppdrottningin Madonna er byrjuð að taka upp nýja plötu. Þrjú ár eru liðin frá útgáfu síðustu plötu hennar, sem sló í gegn um allan heim.**

Umboðsmaður Madonnu, Guy Oseary, tilkynnti á Twitter-síðu sinni á mánudag að söngkonan væri byrjuð að taka upp nýja plötu.

„Þetta er komið á hreint. Fyrsti dagur Madonnu í hljóðverinu og vinna að nýrri plötu er hafin. Mjög spennandi," skrifaði Oseary. Platan verður sú tólfta í röðinni frá Madonnu, sem gaf síðast út plötuna Hard Candy árið 2008. Ekkert bendir til þess að vinsældir Madonnu séu farnar að dala, enda fór síðasta plata á toppinn í 19 löndum, hvorki meira né minna og hefur selst í milljónum eintaka um allan heim.

Madonna, sem verður 53 ára í ágúst, virðist ekki ætla að setjast í helgan stein í bráð. Í kjölfarið á síðustu plötu fór hún í gríðarlega umfangsmikið tónleikaferðalag um heiminn og rakaði inn milljörðum. Búast má við að hún fylgi næstu plötu eftir á svipaðan hátt. Óvíst er hver mun vinna nýju plötuna með henni, en á síðustu plötu komu Justin Timberlake og upptökustjórateymið The Neptunes við sögu.



**SNÝR AFTUR** Madonna er byrjuð á nýrri plötu sem fylgir eftir hinni gríðarlega vinsælu Hard Candy. Hér er hún ásamt Lourdes, dóttur sinni.



# Skin og skúrir á Hróarskeldu

**Hróarskelduhátíðin fór fram um helgina, en þessi danska tónlistarhátíð er meðal stærstu hátíða í heiminum í dag og telur um 80.000 gesti. Tískan er jafn fjölbreytt og mannlífið en ef marka má myndir af útpældum hátíðargestum má sjá að gúmmístígvél og gallastuttbuxur voru ríkjandi tískubóla meðal gesta. Röndóttir bolir, blómakjólar og klútar í hári voru einnig áberandi.**

Veðrið tók á sig margar myndir þessa daga meðan hátíðin fór fram en þar komu meðal annars fram sænska söngkonan Lykke Li, Kings of Leon og The Strokes. Einnig voru Ólöf Arnalds, Agent Fresco og Who Knew fulltrúar Íslands á Hróarskelduhátíðinni í ár.



**HATTUR** Stutt pils, sokkar og hattur.



**VIÐ ÖLLU BÚIN** Gúmmístígvél og stuttbuxur eru góð samsetning á útihátíð enda ertu þá bæði klædd fyrir sól og rigningu eins og þessi unga dama.



**KLÚTUR** Grænn klútur í hárinu lífgar upp á klæðnaðinn.

NORDICPHOTO/GETTY



**HOPPA Í POLLA** Tónleikagestir létu rigningu og drullumall ekki aftra sér í fjörinu.



**INNLIFUN** Sænska söngkonan og tískufyrirmyndin Lykke Li tók sig vel út í gegnsæjum svörtum kjól á Hróarskeldu.



**SUMARLEGT** Gallastuttbuxur og heklað vesti á hátíðargesti.



**SAMFESTINGUR** Ein af tískubólum sumarsins er samfestingar af öllum stærðum og gerðum.



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| ZOOKEEPER Í LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 3 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 8 - 11 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 6 - 8 | L |
| BAD TEACHER | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| BRIDESMAIDS | KL. 10 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| ZOOKEEPER | 4, 6 og 8 |
| TRANSFORMERS: DARK OF THE MOON | 4, 7 og 10 |
| BRIDESMAIDS | 4, 6.30, 9 og 10.10 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 í 3D kl. 5 - 8 - 10 | | 12 |
| TRANSFORMERS 3 í 2D kl. 5 - 8 | | VIP |
| BEASTLY | kl. 8 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 kl. 8 - 10:20 | | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 í 2D kl. 5 - 8 - 10:40 | | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 | kl. 6 - 9 | 12 |
| SUPER 8 | kl. 6 - 8 - 10:20 | 10 |
| | | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 3D kl. 4.45 - 6.45 - 8 - 10 | | 12 |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS | kl. 5.30 - 8 | L |
| HANGOVER PART II | kl. 10.20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 4.45 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 | 10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 í 3D | kl. 6 - 8 - 9 (Power kl.11:10) | 12 |
| BEASTLY | kl. 6 - 10:20 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 kl. 8 - 10:30 (Power kl.11:10) | | 12 |
| BRIDESMAIDS | kl. 8 | 12 |




# Ashley nær í Cheryl aftur

**Hið ótrúlega hefur gerst; Ashley og Cheryl Cole eru byrjuð aftur saman. Breskir fjölmiðlar vita varla í hvorn fótinn þeir eiga að stíga því endurnýjaðar örvar Amors koma eins og þruma úr heiðskíru lofti.**




**SAMAN Á NÝ** Ashley Cole og Cheryl eru byrjuð aftur saman. Ashley hyggst biðja Cheryl um að kvænast sér.

Knattspyrnukappinn Ashley Cole og söngfuglinn Cheryl Cole eru byrjuð aftur saman. Breska pressan fékk það staðfest um helgina og ætlar Ashley að biðja Cheryl um að giftast sér. Parið lét vel að hvort öðru í afmælisveislu Cheryl um helgina og þau skiptust á kossum fyrir framan vini og vandamenn, þar á meðal móður Cheryl, sem er víst ekki par hrifin af ráðahagnum. Hún er sannfærð um að Ashley sé einskis verður kvennabósi.

Samkvæmt breska dagblaðinu Daily Mail kviknaði ástareldurinn milli Ashley og Cheryl nokkru áður en söngkonan hóf störf í hinum bandaríska X-Factor. Sambandið náði síðan nýjum hæðum þegar Cheryl flutti út til Bandaríkjanna. „Hún var ekki með sjálfri sér í upptökunum, allir sáu það, líka Simon Cowell,“ segir heimildarmaður Daily Mail. Bresku blöðin hafa gert því skóna að aðalástæðan fyrir því að Cheryl og Ashley hafi ákveðið að gefa sambandinu annað tækifæri sé sú að þau þrái bæði að eignast börn.

Ashley og Cheryl hættu saman fyrir níu mánuðum. Ashley hafði þá verið að gamna sér með öðrum stúlkum og sent þeim myndir af sjálfum sér fáklæddum sem rötuðu síðan á forsíður blaðanna. Leikmaður enska landsliðsins og vinstri bakvörður Chelsea átti í kjölfarið ákaflega erfitt bæði innan og utan vallar en aðdáendur annarra liða bauluðu óspart á hann. Ferill Cheryl blómstraði hins vegar og hún virtist vera að ná toppnum þegar henni var boðið dómarastarf í ameríska X-Factornum. Það reyndist hins vegar skammvinnur vermir og þá kom Ashley henni til bjargar, fæddi hana og klæddi þegar heimurinn virtist hafa snúið við henni baki.

freyrgigja@frettabladid.is

Tónlist ★★★

**Leiðin til Kópaskers**

Hnotubrjótarnir

## Notalega hrjúfur




Áður en Heimir Már Pétursson gerðist fréttamaður var hann söngvari í hljómsveitinni Reflex sem margir muna vel eftir frá tónlistarhátíðinni Melarokki sumarið 1982. Heimir hefur undanfarin ár lítið komið nálægt tónlist að því undanskildu að hann hefur samið texta fyrir bróður sinn Rúnar Þór. Leiðin til Kópaskers markar því endurkomu hans í tónlistina.

Heimir Már syngur lögin á plötunni og semur þar að auki flesta textana og nokkur lög. Þór Eldon er með honum í Hnotubrjótunum. Hann spilar á gítar og hljómborð, útsetur, tekur upp og hljóðblandar, en að auki koma fjölmargir hljóðfæraleikarar við sögu, þar á meðal Ari Eldon bassaleikari, Egill Örn Rafnsson trommuleikari og Óskar Guðjónsson saxófónleikari.

Leiðin til Kópaskers er mjög persónuleg plata og greinilegt að hún er ekki síst gerð aðstandendum til ánægju. Lagavalið er fjölbreytilegt. Þarna eru m.a. gömul Reflex-lög eins og Að takmörkuðu leyti og Myrkir dagar, tökulög með íslenskum textum (Ne me quitte pas, You Belong to Me, Love Is Real og You Got to Hide Your Love Away) og nýrri lög.

Heimir Már er ágætis textahöfundur og textarnir gefa plötunni gildi. Útsetningarnar eru fínar. Þetta eru frekar hráar rokkútsetningar sem hæfa lögunum og söng Heimis Más vel, en hann hefur notalega hrjúfa rödd sem minnir á bróður hans. Hljóðfæraleikararnir skila sínu vel og sýna oft fín tilþrif, t.d. Þórir Baldursson á Hammondinn í Vor í Vaglaskógi og Vilberg Viggósson á píanó í Ne me quitte pas.

Á heildina litið er þetta ágætis plata. Tilgerðarlaus og skemmtileg.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Gamli Reflex-söngvarinn snýr aftur á skemmtilegri plötu.



**REGGAE Á FAKTORÝ** Hljómsveitin Ojba Rasta treður upp á Faktorý við Smiðjustíg í kvöld.

## Feitt gigg á Faktorý

**Nokkrar af litríkari tónleikasveitum landsins koma fram á Faktorý við Smiðjustíg í kvöld þegar árlegt skattheimtukvöld Reglu hins öfuga pýramída verður haldið.**

**Hljómsveitirnar sem troða upp eru dub/reggae sveitin Ojba Rasta, harðhausarnir í Swords of Chaos, rokktríóið Me, The Slumbering Napoleon, Just Another Snake Cult og tvíeykið háværa The Fist Fokkers. Í fréttatilkynningu segir að síðastnefnda sveitin hafi æft sérstaka dagskrá sem aðeins verði flutt í kvöld en á henni er að finna lög með þekktum sveitum á borð við Tears for Fears og The Human League. Á milli tónleika spilar plötusnúðurinn Benson is Fantastic.**

**Miðaverð er þúsund krónur og herlegheitin hefjast um klukkan 20.30.**


BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS




ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 54695 06/11

# Nýtt útilitakort

Vandað litakort – fullt af hugmyndum.
Þú getur nálgast litakortið á sölustöðum um land allt.




málning
-það segir sig sjálft-

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptúni • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupsstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík • Málningarbúðin Ísafirði.

# sport

sport@frettabladid.is



**SIGURGEIR ÁRNI ÆGISSON** er á leið til norska handknattleiksfélagsins Kristiansund HK sem leikur í næstefstu deild þar í landi. Þjálfari félagsins er Gunnar Magnússon, auk þess sem Jónatan Magnússon leikur með liðinu. Sigurgeir, sem verður 32 ára í haust, var fyrirliði Íslandsmeistara FH á síðustu leiktíð og skilur eftir sig stórt skarð í varnarleik Hafnfirðinga.

Liðstyrkur í Safamýrina?:

## Robertson enn til skoðunar

Skotinn Scott Robertson hefur enn ekki samið við Fram en hann hefur verið til reynslu hjá félaginu í vikutíma. BBC greindi frá því í gær að hann væri búinn að semja við fótboltaliðið ætla sér lengri tíma til að skoða hinn 23 ára gamla varnarmann. **- seth**


pepsi deildin

**Miðvikudagurinn 6. júlí.**

| | |
|---|---|
| **Þór - Valur** Þórsvöllur | kl. 19.15 |
| **Keflavík - Fram** Nettóvöllurinn | kl. 19.15 |
| **FH - Grindavík** Kaplakrikavöllur | kl. 19.15 |
| **Víkingur R. - Breiðablik** Víkingsvöllur | kl. 19.15 |
| **Stjarnan - Fylkir** Stjörnuvöllur | kl. 20.00 |

DREKKTU ÞIG BOLTANN


# „Ég átti góðan dag á golfvellinum“

## Ólafur Björn Loftsson lék gríðarlega vel á fyrsta keppnisdeginum á EM áhugamanna í golfi. Íslendingar eru í baráttunni um að komast í A-riðil og Ólafur með þriðja besta skorið í einstaklingskeppninni.

**GOLF** „Ég átti góðan dag á golfvellinum og leið bara mjög vel. Það gekk flest upp hjá mér og ég notaði aðeins 25 pútt og stutta spilið skilaði sínu,“ sagði kylfingurinn Ólafur Björn Loftsson í gær, en hann lék frábært golf á fyrsta keppnisdegi Evrópumeistaramóts áhugamanna sem fram fer í Portúgal. Ólafur lék á 66 höggum eða 6 höggum undir pari og er hann í þriðja sæti í einstaklingskeppninni en íslenska landsliðið er í 9. sæti af alls 20 þjóðum sem taka þátt á 4 höggum undir pari samtals. „Þetta er frábær byrjun hjá okkur og það er markmiðið að blanda okkur í baráttuna um að komst í A-riðil og leika þar með um Evrópumeistaratitilinn,“ bætti Ólafur við, en Ísland hefur endað í 17. sæti í þrjú skipti af síðustu fjórum EM. „Það á að fækka liðum á næsta EM og við verðum að vera í einu af 13 efstu sætunum til þess að tryggja þátttökurétt. Hér eru allir bestu áhugakylfinga Evrópu og miðað við fyrsta keppnisdaginn þá erum við alveg samkeppnishæfir,“ sagði Ólafur.

Átta efstu þjóðirnar að loknum öðrum keppnisdegi komast í A-riðil og keppa þær um sjálfan Evrópumeistaratitilinn. Íslendingar eru aðeins þremur höggum á eftir Finnum sem eru í 8. sæti en Spánverjar virðast vera í sérflokki ásamt Frökkum. Spánn er samtals á -22, Frakkland á -20 og Þjóðverjar eru á -17.

Guðmundur Ágúst Kristjánsson lék á 71 höggi í gær eða -1 og Guðjón Henning Hilmarsson lék á pari. Arnar Snær Hákonarson lék á +1 og Alfreð Brynjar Kristinsson var á +2. Alfreð fékk fugla á síðustu tveimur holunum og lagaði hann stöðu Íslands verulega með þeim hætti. Skor Axels Bóassonar taldi ekki en hann lék á 78 höggum.

„Liðið er mjög samstillt og það er frábært að strákar sem eru að leika á sínu fyrsta EM skuli vera á parinu eða við parið. Ég man eftir mínu fyrsta EM og ég get alveg viðurkennt það að ég var stressaður fyrir þann hring,“ sagði Ólafur Björn Loftsson. Íslendingar eru eins og áður segir í 9. sæti en Finnar og Englendingar eru þar fyrir ofan á -7 samtals, Svíar eru á -8 í sjötta sæti.

Íslenska kvennalandsliðið í golfi lék ekki vel á fyrsta keppnisdeginum á EM kvenna sem fram fer í Austurríki. Fimm bestu skorin af alls sex gilda í höggleiknum fyrstu tvo keppnisdagana og er Ísland í 17. sæti af alls 20 liðum. Samtals er Ísland á +17 höggum yfir pari en Danir eru í sérflokki í efsta sæti á -15.

Tinna Jóhannsdóttir, Íslandsmeistari í höggleik, lék best allra í íslenska landsliðinu eða á pari vallar, 72 höggum. Signý Arnórsdóttir og Guðrún Brá Björgvinsdóttir léku báðar á 76 höggum eða +4, og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir lék á 77 höggum (+5). Valdís Þóra Jónsdóttir var á 78 höggum (+6) en skor Sunnu Víðisdóttur taldi ekki en hún var á 82 höggum eða +10.

Tinna er í 20. sæti í einstaklingskeppninni. Að loknum öðrum keppnisdegi verður liðunum raðað upp í þrjá riðla eftir skori. Liðin í sætum 1-8 leika í A-riðli, 9-16 í B-riðli og 17.-20 í C-riðli.

**- seth**



**Á MEÐAL ÞEIRRA BESTU** Ólafur Björn Loftsson lék gríðarlega vel á fyrsta keppnisdeginum á Evrópumeistaramóti áhugamanna í golfi sem fram fer í Portúgal.




Volvo S60 R-Design frá 6.080.000 kr. Volvo V60 R-Design frá 6.380.000 kr. Volvo XC60 R-Design AWD frá 9.060.000 kr. Volvo XC90 R-Design AWD frá 11.190.000 kr.

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Volvo.

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild kvenna

**Fylkir - ÍBV 2-0**
1-0 Anna Björg Björnsdóttir (56.), 2-0 Anna Björg Björnsdóttir (90.)

**Þór/KA - Þróttur R. 4-2**
1-0 Mateja Zver (11.), 2-0 Rakel Hönnudóttir (13.) víti, 3-0 Manya Janine Makoski (27.), 3-1 Fanny Vago (38.), 3-2 Vago (51.) víti, 4-2 Makoski (64.)

**Valur - KR 3-1**
1-0 Rakel Logadóttir (18.), 2-0 Rakel Logadóttir (32.), 3-0 Mist Edvardsdóttir (33.), 3-1 Kristín Sverrisdóttir (66.).

**Afturelding - Breiðablik 0-3**
0-1 Fanndís Friðriksdóttir (5.), 0-2 Hlín Gunnlaugsdóttir (17.), 0-3 Ásta Eir Árnadóttir (50.)

**Stjarnan - Grindavík 2-1**
1-0 Inga Birna Friðjónsdóttir (33.), 1-1 Dernelle L. Mascall (36.), 2-1 Ashley Bares (46.), 3-1 Bares 83.

**Upplýsingar að hluta frá fótbolti.net**

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | 8 | 7 | 1 | 0 | 23-7 | 22 |
| Stjarnan | 8 | 7 | 0 | 1 | 21-6 | 21 |
| **ÍBV** | 8 | 5 | 1 | 2 | 17-5 | 16 |
| Þór/KA | 8 | 5 | 0 | 3 | 18-20 | 15 |
| **Fylkir** | 8 | 4 | 1 | 3 | 11-11 | 13 |
| **Breiðablik** | 8 | 3 | 1 | 4 | 12-14 | 10 |
| KR | 8 | 1 | 4 | 3 | 6-9 | 7 |
| Þróttur R. | 8 | 1 | 2 | 5 | 10-19 | 5 |
| **Afturelding** | 8 | 1 | 1 | 6 | 6-22 | 4 |
| **Grindavík** | 8 | 0 | 1 | 7 | 7-21 | 1 |

HM kvenna í fótbolta:

## Englendingar fóru áfram

**Ellen White og Rachel Yankey skoruðu mörk Englands í 2-0 sigri liðsins gegn Japan á HM kvenna í fótbolta í gær. Englendingar unnu þar með B-riðilinn og Japan komst einnig í átta liða úrslit. Heimsmeistaralið Þjóðverjar lagði Frakka 4-1 og mætir Japan í átta liða úrslitum. England mætir liði Frakka.**

# Leikaðferð Fylkis gekk upp

**Sigurganga Fylkis heldur áfram og ÍBV fatast flugið. Valur enn á toppnum eftir 3-1 sigur gegn KR. Blikar unnu sinn fyrsta leik undir stjórn nýs þjálfara. Góður sigur Þórs/KA í markaleik.**



**BARÁTTA** Leikmenn Fylkis gáfu ekkert eftir gegn ÍBV í gær og uppskáru 2-0 sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FÓTBOLTI** Fylkir sigraði ÍBV 2-0 á heimavelli sínum í Pepsi-deild kvenna í gærkvöld, þar sem segja má að leikaðferð Fylkis hafi gengið fullkomlega upp. ÍBV var sterkari aðilinn framan af en átti í vandræðum með að skapa sér marktækifæri og náði ekki að stríða markverði Fylkis í þeim hálffærum sem liðið skapaði sér í fyrri hálfleik. ÍBV hóf seinni hálfleik af krafti og komst í tvö góð marktækifæri og virtist markið liggja í loftinu þegar Fylkir komst í sína fyrstu skyndisókn eftir tíu mínútur og Anna Björg Björnsdóttir kom heimaliðinu yfir.

„Það er greinilegt í seinni hálfleik að leikurinn á laugardaginn sat í leikmönnum. Við vorum í sókn þar í 120 mínútur við mjög erfiðar aðstæður og það sat í okkar mönnum,“ sagði Jón Ólafur Daníelsson, þjálfari ÍBV, eftir leikinn, en lið hans féll úr bikarkeppninni á laugardaginn eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni.

„Við byrjum seinni hálfleikinn frábærlega og mér fannst við spila fyrri hálfleikinn vel líka en svo ákveður einn leikmaður hjá mér að gefa þeim þetta mark og þá var loftið úr okkur. Ég óttaðist að leikurinn á laugardaginn myndi sitja allt of mikið í okkur og eftir þetta mark var þetta búið,“ sagði Jón Ólafur, sem ætlar að reyna að krækja í framherja þegar leikmannaglugginn verður opnaður.

Fylkir réð lögum og lofum á vellinum eftir markið og hefði getað verið búinn að bæta við mörkum áður en Anna Björg skoraði annað mark sitt rétt áður en flautað var til leiksloka. Hrafnhildur Hekla Eiríksdóttir, miðjumaður Fylkis, var að vonum ánægð í leikslok. „Þetta gekk virkilega vel upp hjá okkur. Við ákváðum að vera mjög þéttar á miðjunni því þær eru með spræka framherja og sterka skotmenn. Við ætluðum að beita skyndisóknum og nýta þeirra mistök, sem við gerðum.“

„Þegar við tökum boltann niður erum við með mjög vel spilandi lið og það gekk mjög vel. Mér fannst við vera mjög skipulagðar og halda boltanum vel. Við getum unnið hvaða lið sem er, tímabilið fór brösuglega af stað en þetta er á góðri leið, höfum unnið fimm leiki í röð,“ sagði Hrafnhildur að lokum. Heil umferð fór fram í Pepsi-deild kvenna í gær. Breiðablik vann Aftureldingu 3-0 á útivelli undir stjórn Ólafs Brynjólfssonar, sem tók við liðinu á dögunum. Valur vann KR 3-1 og Stjarnan fylgir Val eins og skugginn eftir 3-1 sigur gegn Grindavík á heimavelli. Á Akureyri vann Þór/KA lið Þróttar úr Reykjavík, 4-2. **- gmi**




## > Ryan Gosling

„Mér finnst mannfólkið mjög flókið og fært um að gera alls kyns hluti sem kvikmyndir geta ekki sýnt.“

***Ryan Gosling leikur í sakamálamyndinni Fracture, um ungan metnaðarfullan saksóknara sem fær það verkefni að sækja til saka útsjónarsaman verkfræðing sem ákærður er fyrir að hafa myrt eiginkonu sína og hyggst verja sig sjálfur. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON ER VEIKUR FYRIR ÞÁTTUM SEM SÝNA ENDURBÆTUR

# *Iðnaðarmenn í sviðsljósinu*



Sjónvarpsþættir sem sýna einhvers konar endurbætur hafa alltaf heillað mig. Hvort sem það er manneskja, bíll eða hús sem er tekið í gegn, þá snerta slíkir þættir einhverja vel falda taug í líkama mínum. Eflaust eru það „fyrir“ og „eftir“ myndirnar sem heilla mest, enda margslungnar. Myndirnar virka sem staðfesting á hégóma manns ásamt því að sanna að flest í lífinu á séns, sama hversu „lifað“ það kann að vera.

Þættirnir Gulli byggir hófu göngu sína á RÚV í vikunni, en þar vinnur fjölmiðlamaðurinn og húsasmiðurinn Gulli Helga að endurbótum á kjallara í gömlu húsi í Reykjavík ásamt fagfólki, eiganda kjallarans og vinum. Fyrsti þátturinn var bæði skemmtilegur og fróðlegur. Imprað var á ýmsum atriðum sem fólk gleymir eflaust oft þegar það hefur endurbætur á húsnæði, framsetningin var til fyrirmyndar og svo var löngu kominn tími til að gefa iðnaðarmönnum plássið sem þeir eiga skilið í sviðsljósinu.

Skortur á upplýsingum dregur hins vegar þáttinn niður. Kostnaðurinn við endurbæturnar er Gulla hugleikinn, en ekki kemur fram hver greiðir fyrir herlegheitin. Áhugavert hefði verið að vita hversu mikið byggingavöruverslunin sem styrkir gerð þáttarins tekur þátt, enda verður allt slíkt að vera uppi á borðum samkvæmt nýjum fjölmiðlalögum. Slíkt hefur hins vegar ekki tíðkast í íslensku sjónvarpi, en það má alltaf breyta og bæta eins Gulli hyggst sanna í þáttunum.

## RÚV

**16.35 Reiðskólinn** (12:15)
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (40:42)
**18.30 Fínni kostur** (18:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Nýgræðingar** (Scrubs)
**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.00 Hringiða** (1:8) (Engrenages II) Franskur sakamálamyndaflokkur. Lögreglukona, saksóknari og dómari sem koma að rannsókn sakamáls hafa hvert sína sýn á réttlætið. Aðalhlutverk leika Grégory Fitoussi, Caroline Proust og Philippe Duclos.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kviksjá** (Á köldum klaka) Sigríður Pétursdóttir kynnir Á köldum klaka, mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar og að sýningu hennar lokinni ræðir hún stuttlega um hana við Ólaf H. Torfason.
**22.25 Á köldum klaka** (e)
**23.50 Kviksjá**
**00.00 Íslenski boltinn**
**00.55 Landinn** (e)
**01.25 Fréttir** (e)
**01.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Wayne's World**
**10.00 The Object of My Affection**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 Wayne's World**
**16.00 The Object of My Affection**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 Fracture**
**22.00 Angels & Demons**
**00.15 The Number 23**
**02.00 Dirty Sanchez: The Movie**
**04.00 Angels & Demons**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Cold Case** (2:22)
**11.05 Glee** (1:22)
**11.50 Grey's Anatomy** (12:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (37:43)
**13.25 Chuck** (14:19)
**14.10 Pretty Little Liars** (22:22)
**14.55 iCarly** (20:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (14:21)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (16:24)
**19.35 Modern Family** (15:24)
**20.00 Gossip Girl** (21:22)
**20.45 Off the Map** (5:13) Framleiðendur Grey's Anatomy færa okkur nýjan hörkuspennandi og dramatískan þátt um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulegu vandamál. Stofnandi læknastöðvarinnar, Ben Keeton, hefur náð miklum frama sem skurðlæknir í Kaliforníu en ákvað að gefa ferilinn upp á bátinn til þess að sinna köllun sinni.
**21.30 Ghost Whisperer** (17:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi.
**22.15 The Ex List** (12:13)
**23.00 Sex and the City** (11:20)
**23.30 NCIS** (21:24)
**00.15 Fringe** (19:22)
**01.00 Medium** (8:22)
**01.45 Vantage Point**
**03.10 Disaster!**
**04.35 Gossip Girl** (21:22)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.55 Sterkasti maður Íslands** Sýnt frá keppninni um nafnbótina Sterkasti maður Íslands þar sem allir helstu kraftajötnar landsins taka á öllu sem þeir eiga.
**18.25 Shellmótið** Sýndar svipmyndir frá Shellmótinu 2011 í Vestmannaeyjum þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar láta ljós sín skína. Það eru strákar í 6. flokki sem keppa á Shellmótinu en 104 lið eru skráð til leiks í ár.
**19.05 Ólafur Stefánsson** Að þessu sinni verður einn dáðasti sonur íslensku þjóðarinnar, Ólafur Stefánsson, heimsóttur til Ciudad Real á Spáni
**19.45 Stjarnan - Fylkir** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og Fylkis í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**23.10 Stjarnan - Fylkir** Útsending frá leik Stjörnunnar og Fylkis í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**01.00 Pepsi mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.10 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.40 Peter Schmeichel** Einn besti markvörður veraldar fra upphafi verður kynntur til sögunnar að þessu sinni. Peter Schmeichel, danska tröllið, gerði garðinn frægann með Manchester Utd og þykir einn besti markvörður heims fyrr og síðar.
**20.10 Season Highlights 1999/2000** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**21.05 Úrúgvæ - Perú** Útsending frá leik Úrúgvæ og Perú í Copa America 2011.
**22.50 Chile - Mexíkó** Útsending frá leik Chile og Mexíkó í Copa America 2011.
**00.35 Argentína - Kólumbía** Bein útsending frá leik Argentínu og Kólumbíu í Copa America 2011. Liðin eru í A-riðli ásamt Bólivíu og Kostaríka.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (7:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 How to Look Good Naked** (1:8) (e)
**19.00 The Marriage Ref** (7:12) (e)
**19.45 Will & Grace** (6:27) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 Top Chef** (7:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**21.00 My Generation** (2:13) Bandarísk þáttaröð í heimildamyndastíl sem fjallar um útskriftarárgang frá árinu 2000 í Texas. Páttagerðarmenn heimsækja skólafélagana tíu árum síðar og sjá hvort draumar þeirra hafi brostið eða ræst.
**21.50 The Bridge - NÝTT** (1:13) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um lögreglumanninn Frank og baráttu hans við spillingaröfl innan lögreglunnar.
**22.40 The Real L Word: Los Angeles** (7:9)
**23.25 Parenthood** (4:13) (e)
**00.10 Royal Pains** (4:13) (e)
**00.55 Hawaii Five-0** (18:24) (e)
**01.40 Law & Order: Los Angeles** (15:22) (e)
**02.25 CSI: Miami** (20:24) (e)
**03.10 Will & Grace** (6:27) (e)
**03:30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.20 AT&T National** (2:4)
**11.20 Golfing World**
**13.00 AT&T National** (2:4)
**16.00 US Open 2008 - Official Film**
**17.00 The Open Championship Official Film 2010**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (26:42)
**19.20 LPGA Highlights** (10:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights**
**21.35 Inside the PGA Tour** (27:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (24:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.40 The Doctors**
**20.25 Grillskóli Jóa Fel** (3:6) Jói Fel snýr aftur í glænýrri þáttaröð þar sem hann kennir okkur réttu handtökin og sýnir okkur að vel megi grilla annað og meira en bara kjötsneiðar, hamborgara og pylsur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Modern Family** (24:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp í suðuameríska fegurðardís.
**22.10 Bones** (15:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.55 Entourage** (2:12) Sjötta þáttaröð einnar mest verðlaunuðu þáttaraðar sem framleidd er um þessar mundir. Þáttaröðin er lauslega byggð á reynslu framleiðandans Marks Wahlbergs í Hollywood og fjallar um Vincent og félaga hans sem reyna að hasla sér völl í bíóborginni.
**23.25 Bored to Death** (5:8)
**23.55 Daily Show: Global Edition**
**00.20 Grillskóli Jóa Fel** (3:6)
**00.55 The Doctors**
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Gestagangur hjá Randver**
**20.30 Veiðisumarið** Fjallað um veiði í Ölfusánni.
**21.00 Fiskikóngurinn** Sushi, Sashimi, hvað er það? hvernig gerir maður það?
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G og Guðmundur Ólafsson ræða pólitík.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 00.35
### Argentína – Kólumbía

Bein útsending frá leik Argentínu og Kólumbíu í Copa America. Argentínumenn náðu aðeins jafntefli í opnunarleiknum gegn Bólivíu og Messi og félagar ætla að gera betur gegn sterku liði Kólumbíumanna.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir 1**0.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **23.05** Fjármálamiðstöðin Ísland **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.20** Fawlty Towers **10.50** Deal or No Deal **11.25** Deal or No Deal **12.00** Deal or No Deal **12.40** Inspector Lynley Mysteries **13.25** Inspector Lynley Mysteries **14.10** Deal or No Deal **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Fawlty Towers **16.30** 'Allo 'Allo! **17.00** 'Allo 'Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.20** Top Gear **23.10** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.55** QI

### DR 1

**11.30** Sommertid **12.00** Forandring på vej **12.30** Hammerslag Sommermix **13.05** Aftenshowet Sommer **14.00** Byggemand Bob **14.10** Hyrdehunden Molly **14.30** Linus i Svinget **15.00** Hercule Poirot **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Det Søde Sommerliv **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Vi mødes i retten **20.50** Ved du hvem du er? **21.30** Onsdags Lotto **21.35** Kyst til kyst **04.00** Rasmus Klump **04.05** Chiro

### NRK 1

**12.05** Grønn glede **12.35** Fotoskolen Singapore **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i naturen **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Herskapelig redningsaksjon **18.20** Luftens helter. En skrue løs **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Lov og orden. London **21.00** Kveldsnytt **21.15** På kanten av stupet **22.00** Blod, svette og luksus **23.00** Joanna Lumley: Draumen om Nilen

### SVT 1

**11.30** Flottans glada gossar **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Musikaliska underbarn **14.55** Allsång på Skansen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** En svensk sommar i Finland **16.55** Via Sverige **17.10** Friluftsliv **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommarmord **19.30** The Tudors **20.20** Undercover Boss **21.05** Jämna plågor **21.35** Damages **22.25** Vem tror du att du är? **23.10** Rapport **23.15** Ouppklarat





SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## MORGUNMATURINN



*„Í morgunmat fæ ég mér hafragraut og tek svo Omega 3 fiskiolíu.“*

Ísak Freyr Helgason förðunarfræðingur

# Logi Geirs hættur í Silver

„Ég er hættur, seldi minn hlut í desember,“ segir Logi Geirsson, leikmaður FH í handbolta. Hann er hættur afskiptum af hárgelsfyrirtækinu Silver sem hann stofnaði ásamt Björgvin Páli Gústavssyni, markverði íslenska landsliðsins.

Logi segir ýmsar ástæður fyrir því að hann sé hættur í gelbransanum; hann hafi ekki náð að sinna þessu eins og hann vildi og þá hafi aðrir hlutir átt hug hans að undanförnu. Leikmaðurinn hóf fyrir skemmstu störf hjá Asics á Íslandi og þá hefur hann verið að jafna sig á erfiðum meiðslum í öxl sem héldu honum utan vallar nánast allt síðasta tímabil. Lítil virkni hefur verið á Silversíðunni, thesilver.is, að undanförnu en síðasta færsla var sett inn fyrir hálfu ári. Logi segist ekki hafa hugmynd um hvert Silver stefni, það sé alfarið í höndum Björgvins.

Það vakti mikla athygli þegar þeir Logi og Björgvin settu á markað hárgel undir vörumerkinu Silver. Nafnið vísaði til glæsilegs árangurs íslenska landsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking 2008. Jafnframt rættist langþráður draumur Loga, sem hafði í mörg ár blandað sitt eigið gel og hafði lýst því yfir í fjölmiðlum að hann langaði til að leyfa öðrum að njóta þess. - fgg



**HÆTTUR** Logi Geirsson er hættur í Silver-fyrirtækinu, sem hann stofnaði ásamt Björgvin Páli Gústavssyni. Hann seldi sinn hlut í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU YKKUR SIRKUS SÓLEY
SIRKUS ÍSLANDS KYNNIR
FAKTOR
„Húmor, metnaður og skemmtun í hávegum höfð“ —Kidda, Pressunni
– ÞVÍ X ER EKKI NÓG!
HÖFUM BÆTT VIÐ FLEIRI SÝNINGUM!
miðvikudag 6. júlí kl. 18
fimmtudag 7. júlí kl. 18
föstudag 8. júlí kl. 18
laugardag 9. júlí kl. 14 og 18
sunnudag 10. júlí kl. 14 og 18
SÝNT Í TJARNARBÍÓI Í JÚLÍ
MIÐASALA Í TJARNARBÍÓI, Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 527 2102
SIRKUS ÍSLANDS TJARNARBÍÓ midi.is

HÁRIÐ
HARPA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK
Söngleikurinn sem sló í gegn á Akureyri er loksins kominn suður!
Frumsýning í Hörpu 7. júlí
„Algjör snilld“ ★★★★ Júlíus Júlíusson, Mbl.
Miðasala á harid.is
Sýningar: fim. 7. júlí, fös. 8. júlí, lau. 9. júlí, fim. 14. júlí, fös. 15. júlí, lau. 16. júlí, fim. 21. júlí, fös. 22. júlí
UPPSELT ÖRFÁ SÆTI ÖRFÁ SÆTI
SILFURTUNGLIÐ
PIPAR\TBWA • SÍA • 111916

## JÓI KJARTANS: LITLA VINNU AÐ FÁ Á ÍSLANDI

# Halda í víking til Noregs

„Félagi minn sagði einu sinni við mig að þar sem peningarnir eru þar gerast hlutirnir. Fjörið er búið hér á Íslandi og í Danmörku. Nú tekur Noregur við,“ segir Jói Kjartans, ljósmyndari og grafískur hönnuður. Hann hyggst leggja land undir fót í haust og flytja til Noregs ásamt kærustu sinni Hildi Hermannsdóttur en hún er þegar komin út.

Brotthvarf þeirra frá landinu er mikill sjónarsviptir fyrir miðbæ Reykjavíkur, en þau Hildur og Jói hafa sett skemmtilegan blæ á mannlífið síðustu ár. Jói er þekktur fyrir skemmtilegar götumyndir og hefur gefið út ljómyndabókina Joi de Vivre.

Jói og Hildur eru bæði menntaðir grafískir hönnuðir frá Listaháskóla Íslands og ekki hefur gengið sem skyldi að fá vinnu við fagið á Íslandi. „Við vorum bæði atvinnulaus og orðin vonlaus um að finna vellaunaða vinnu hér. Þess vegna leitaði hugur okkar út en það var nú eiginlega fyrir tilviljun sem við ákváðum að flytja til Ósló,“ segir Jói, en hugmyndin kom upp þegar hann sá auglýst eftir 300 bílstjórum til Noregs. „Þá hugsaði ég að þetta væri eina landið sem ég vissi um þar sem nóga vinnu er að fá. Bæði hér heima og í Danmörku er offramboð á fólki og litla vinnu að fá. Svo er Osló á leiðinni að verða jafn skemmtileg og Reykjavík held ég.“

Hildur er komin til Noregs, þar sem hún vinnur á bar og í fatabúð en Jói ætlar að flytja með haustinu. „Við tókum okkar þátt í góðærinu eins og flestir. Við reiknuðum það út að með því að fara út og vinna værum við í eitt ár að borga niður skuldir í staðinn fyrir þrjú ár hér heima. Hér fara laun bara lækkandi og vöruverð hækkandi.“

Jói ætlar samt ekki að leggja linsuna á hilluna og heldur áfram að taka myndir í Noregi. Hann er hins vegar tilbúinn að skipta um starfsvettvang eftir að hafa setið á skrifstofum auglýsingastofa undanfarin ár. „Ég væri alveg til í að vinna í fiski eða keyra rútu, svona til tilbreytingar. Ég byrja samt örugglega á að sækja um á hönnunarstofunum í Ósló. Við hugsum þetta bæði sem hálfgerðar vinnubúðir, í eitt ár til að byrja með. Svo sjáum við bara hvernig okkur líkar lífið hjá frændum okkar í Noregi.“ alfrun@frettabladid.is





**YFIRGEFUR KREPPUNA** Ljósmyndarinn Jói Kjartans og grafíski hönnuðurinn Hildur Hermanns yfirgefa kreppuna á Íslandi og halda í víking til Noregs.

# Finni kaupir Glaumbar

„Jú, þetta er rétt. Við ætlum að endurvekja fótboltaútsendingar þarna og bjóða upp á boltavænan mat og svo verður bara sígilt stuð um helgar,“ segir Guðfinnur Karlsson, oftast kallaður Finni á Prikinu.



Finni hefur keypt gamla Glaumbar við Tryggvagötu og hyggst ráðast í gagngerar endurbætur á honum. Finni ætlar jafnframt að dusta rykið af starfstitlinum „skemmtanastjóri“ en það þótti ábyrgðarmikið starf hér áður fyrr. „Ég er að fara að hitta nokkra náunga á næstu dögum og við ættum að geta gengið frá þessu von bráðar.“

Umsvif Finna í veitingabransanum aukast þar með enn. Hann hefur um árabil rekið Prikið og fyrir skemmstu opnaði hann Frú Berglaugu við Laugaveg. Glaumbar bætist svo í hópinn innan tíðar.

Glaumbar naut mikilla vinsælda hér á árum áður og samkvæmt tilkynningu sem send var út í vikunni stendur til að endurvekja gömlu Glaumbars-stemninguna. Þá ætti það að vera mörgum í fersku minni þegar myndband af Julian Assange, stofnanda Wikileaks, var lekið á netið en þar sást hann dansa á Glaumbar við taktfasta tóna. - fgg





**ENDURBÆTUR** Guðfinnur Karlsson, eða Finni, hefur keypt Glaumbar og hyggst færa staðinn aftur til fyrra horfs þar sem boltinn var í beinni og sígilt stuð um helgar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir. vísir









# LAGERHREINSUN

## 20% - 70% AFSLÁTTUR

Stillanleg rúm
Heilsudýnur
Hvíldarstólar
Lyftistólar
Tungusófar
í áklæði með hvíldarstól í enda
Leðurhornsófar
með tveimur hvíldarstólum í enda
Kommóður
Náttborð

Rúmgaflar
Yfirdýnur
Dúnsængur
Heilsukoddar
Rúmteppi
Dúnsokkar
Rúmbotnar
Lampar
Púðar

## Fyrstur kemur fyrstur fær!

Lagerhreinsunin stendur einungis 4 daga

**Opnunartími lagersölu:**
Miðvikudag milli kl. 10 og 19
Fimmtudag milli kl. 10 og 19
Föstudag milli kl. 10 og 19
Laugardag milli kl. 11 og 16

Komdu og gerðu frábær kaup
Hágæða vörur á verði sem ekki hefur sést áður

VISION Serta PASSION

Lagerhreinsunin er í Hlíðarsmára 1, þar sem Prodomo var áður til húsa.
við hliðina á Krossinum, beint fyrir ofan s máralindina

LÚR
BETRI HVÍLD

LÚR - BETRI HVÍLD • Hlíðasmára 1 • 201 Kópavogi • s ími 554 6969 • Fax 554 3100 • www.lur.is • lur@lur.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Handboltamenn í húsbíl

Það virðist vera í tísku hjá landsliðsmönnum í handbolta að keyra hringinn um landið á húsbíl. Ólafur Stefánsson, fyrirliði landsliðsins, keyrir einn í húsbíl og leysir lífsgátuna. **Guðjón Valur Sigurðsson** er hins vegar í ögn fjölskylduvænni hringferð á glæsilegum húsbíl því hann tók alla fjölskylduna með sér. Ólafur og Guðjón og fjölskyldur þeirra rugla síðan saman reytum þegar keppnistímabilið hefst, en þeir hafa báðir skipt yfir í hið ógnarsterka lið AG í Kaupmannahöfn.
- fgg



### Kalda í Time Out

Íslenska fatahönnunarmerkið Kalda er nú til sölu hjá verslunarrisanum Liberty í London, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Fötin fóru í sölu á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Kalda fær góðar viðtökur hjá Bretum, en tímaritið Time Out vekur sérstaka athygli á því í nýjasta tölublaðinu að hönnun systranna **Katrínar Öldu og Rebekku** hjá Kalda sé nú til sölu hjá Liberty. Þá vekur verslunin sjálf sérstaka athygli á hönnun systranna á Facebook-síðunni sinni, sem og því að hægt sé að kaupa fötin þeirra í netverslun Liberty.
- fgg, þeb



### Mest lesið vísir

1. Meiddist við björgunarafrek og fær engar bætur
2. Hökkuðu sig inn í síma stúlku sem hafði verið myrt
3. Öngþveiti í heimahúsi
4. Gott að hitta gamla skólafélaga
5. Fékk ökuskírteini þremur dögum áður en hann olli

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir. vísir

